

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is Sími: 456 6600

Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun

- VEITINGAR
- SKEMMTUN
- LIFANDI TÓNLIST
- GÓÐ ÞJÓNUSTA

KAFFI EDINBORG
WWW.KAFFIEDINBORG.IS

**Simanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156**

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur 28. ágúst 2008 · 35. tbl. · 25. árg.



**Tuttugu ár
sem atvinnu-
flugmaður**

Guðmundur Harðarson flugstjóri lítur yfir ferilinn frá því að hann gerðist atvinnuflugmaður strax og hann hafði aldur til. Í starfi sínu hjá Cargolux hefur hann komið á fleiri staði í heiminum en tölu verður á komið. Hann er búsettur á vínekrunum í Móseldal en í fríum er heimilið í einu af elstu húsunum í Bolungarvík.



Ljóst er að illa hefði farið ef stúlkurnar hefðu ekki verið með öryggisbeltin spennt.

Beltin björguðu er bíll fór í sjóinn

Þrjár ungar stúlkur sluppu nær ómeiddar er bíll þeirra hafnaði út í sjó í Skutulsfirði á tíunda tím-anum á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Ökumaður bifreiðarinnar, 17 ára stúlka, missti stjórn á bíl-num í lausamöl á fylling-unni fyrir Engidal með þeim afleiðingum að hún fór tvær veltur og hafnaði úti í sjó. Stúlkurnar náðu að komast af sjálfsdáðum úr bílnum og í land en bíllinn fór á bólakaf.

Stúlkunum var illa brugðið en annars ómeiddar og var farið með þær á sjúkrahúsið á Ísafirði til skoðunar. Að sögn lögreglunnar á Vestfjörðum er nýlögð klæðning á vegarkafanum og því nokkuð um lausamöl. Ljóst er að illa hefði farið ef ökumaður og farþegar hefðu ekki verið með beltin spennt. Þetta er enn eitt dæmið í sumar sem sýnir að beltin bjarga.

Sjá nánar viðtal við ökumanninn inni í blaðinu.

— nonni@bb.is

Þrýst á samgönguráðherra vegna jarðgangagerðar á Vestfjörðum

Kristján L. Möller, samgönguráðherra, segir að þrýst hafi verið á sig um að flýta gerð jarðganga á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar, á kostnað jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Mun Kristján ætla að ræða málið á komandi Fjórðungsþingi Vestfirðinga í haust. Haft var eftir Kristjáni á fréttavef RÚV að sveitarstjórnarmenn hefðu þrýst á hann. „Það var nú ekki alveg rétt, það var ekki ein-göngu um sveitarstjórnarmenn að ræða, það var miklu heldur almenningur sem ég ræddi við“,

segir Kristján. „Það breytir því ekki að ég hef líka heyrt þetta hjá sveitarstjórnarmönnum. Ég vil einnig taka það skýrt fram að það hafa sömuleiðis margir komið að máli við mig og sagt að við skyldum halda okkar striki, rugga ekki bátnum. Mér finnst allt í lagi að þessi umræða fari í gang, og verði komin vel á veg þegar Fjórðungsþingið hefst í haust.“

Þá segir Kristján mikilvægt að ræddir verði kostir og gallar þessa ferlis. „Þetta er ekki spurning um að fresta eða hætta við heldur að breyta for-

gangsroðun.“ Kristján var á ferð um Vestfirði á dögunum og segist hann hafa rætt þessi mál og fleiri við fjölda fólks á ferð sinni. „Ég hitti Vegagerðarmenn og flutningabílstjóra og fleira fólk, og þá var ræddur allur pakkinn, þar með talið þetta.“

Einungis ein leið er talin koma til greina við lagningu nýs vegar og nýrra ganga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, samkvæmt Vegagerðinni, en það er leiðin frá Mjólka í Arnarfirði að Dýrafjarðarbrú. Tilgangur fram-

kvæmdarinnar er að tryggja góðar og öruggar samgöngur á Vestfjarðavegi nr. 60 á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og mun það vera skilyrði þess að heilsárs vegarsamband sé á milli Barðastrandarsýslna og Ísafjarðarsýslna.

Samkvæmt skýrslu um málið er besti kosturinn í jarðgangagerð á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar talinn vera göng milli Nausta og Súðavíkur, en jafnframt sá dýrasti. Þau yrðu rúm 6 kílómetrar og myndu kosta 5,5 milljarða. Þá yrði komist hjá

að aka Kirkjubólshlíð og Súðavíkurhlíð. Tæplega 3ja kílómetra göng frá Arnardal í Djúpagil myndu kosta rúma tvo milljarða. Göng um Fjárgil og Djúpagil kosta á bilinu 2,3 til 2,6 milljarða.

Sá valmöguleiki að fara sömu leið og á Óshlíð og gera vegskála og skápa er mun ódýrari og til eru tvær útfærslur af þeim. Önnur hljóðar upp á 1.100 milljónir og hin er mun ódýrari og lakari að gæðum og kostar hún 530 milljónir.

— eirikur@bb.is



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um 80 afgreiðslustaði um land allt. Hvað getum við flutt fyrir þig? Hafðu samband og fáðu tilboð.



Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

109 milljónir í sjómannaafslátt á liðnu ári

Alls fengu 1.640 einstaklingar 201 milljón króna í barnabætur á Vestfjörðum á liðnu ári. 794 einstaklingar fengu þá 66 milljónir í vaxtabætur. 587 einstaklingar fengu sjómannaafslátt upp á 109 milljónir króna. Barnabætur eru til þess ætlaðar að létta undir með barnafólki og jafna stöðu þess. Ákveðin upphæð er greidd til foreldra með hverju barni fram að 18 ára aldri. Ríkissjóður greiðir síðan vaxtabætur til þeirra sem bera vaxtagjöld af lánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Þeir sem fá greidd laun fyrir sjómannsstörf á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, eiga rétt á sjómannaafslætti.

Skrifuðu undir nýja samninga

Birgir Björn Pétursson og Pance Ilievski hafa skrifað undir nýja samninga við Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar. Pance skrifaði undir þriggja ára samning en Birgir Björn samdi út leiktímabilið sem hefst í haust. Birgir Björn er rúmlega tveggja metra hár miðherji og er uppalinn hjá félaginu. Hann lék eitt tímabil með Þór Þorlákshöfn en snéri heim fyrir síðasta tímabil. Talið er að hann fái stærra hlutverk í liði KFÍ nú þegar Serbinn Bojan Popovic hefur gengið til liðs við Grindavík. Hinn makedónski Pance er að hefja sitt þriðja tímabil í herbúðum KFÍ.

Vilji hreppsins að undirbúningur vegna jarðganga hefjist sem fyrst

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, segir það fagnaðarefni að æðsta embætti samgöngumála á Íslandi viðurkenni mikilvægi þess að gerð verði jarðgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, og að samgöngur á milli fjarðanna séu óviðunandi vegna hættu á ofanflóðum. „Það er þörf á að bregðast við þessu“,

segir Ómar Már. „Sá þrýstingur sem ráðherra talar um held ég að komi mikið til frá íbúum á svæðinu sem eru meðvitaðir um hættuna sem fylgir því að keyra hliðarnar.“ Minnir Ómar þá á að 1.500 manns hafi skrifað undir áskorun um að rannsóknir og undirbúningur að jarðgangagerð milli Súðavíkur og Ísa-

fjarðar yrði hafnar hið snarasta. „Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps tók heilshugar undir þá áskorun. Það er vilji Súðavíkurhrepps að farið verði hið fyrsta í undirbúningsvinnu sem feli í sér ákvörðun um legu og stærð jarðganga á milli Súðavíkur og Ísafjarðar, og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að sá undirbúningur verði

hafinn hið fyrsta.“

Þá segir Ómar Már að samstaða ríki meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum um forgangsröðun verkefna. Aðspurður hvort hann kannist við orð samgönguráðherra um að á sig hafi verið þrýst um að breyta forgangsröðun jarðganga á Vestfjörðum, þannig að göng milli Dýrafjarðar og

Arnarfjarðar komi á eftir göngum á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar segir Ómar Már að samgönguáætlun sé ekki heilagt plagg. „Það er eðlilegt að samgönguáætlun sé endurskoðuð eins og hún er hverju sinni. Það er mikilvægt að skoða þetta mál af fullri alvöru.“

– eirikur@bb.is



Ómar Már Jónsson.

„Eins og þruma úr heiðskíru lofti“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að umræða um breytta forgangsröðun í jarðgangagerð á Vestfjörðum komi honum á óvart, en líkt og sagt hefur verið frá sagði Kristján L. Möller, samgönguráðherra, nýlega að þrýst væri á sig að flýta gerð jarðganga á milli Skutuls-

fjarðar og Álftafjarðar, á kostnað jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. „Þetta er eins og þruma úr heiðskíru lofti“, segir Halldór. „Ég er búinn að heyra í sveitarstjórnarmönnum vítt og breitt á Vestfjörðum eftir viðtalið og það kannast enginn við að hafa rætt þetta við ráðherra með

þessum hætti“. Þá segir Halldór að heimildarmenn hans fullyrði að enginn í þeirra sveitarfélögum hafi þrýst á ráðherra um breytta forgangsröðun.

„Það vildi nú svo til að ég sat með samgönguráðherra þegar viðtalið kom í útvarpinu og ég sagði honum strax að

þetta kæmi flatt upp á mig, því sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa samþykkt þessa stefnu, fyrst árið 1997 og svo ítrekað á fjórðungsþingum. Það er sérstök samgöngunefnd að störfum með fulltrúum frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum og þetta hefur ekki verið til umræðu þar.

Þannig að ég veit ekki við hvern ráðherra er að tala.“

Segir Halldór auk þess að það sé hagsmunamál fyrir Vestfirðinga að farið verði að þeirri áætlun sem liggur fyrir. „Samkvæmt byggðaaætlun á Ísafjarðarbær að vera byggðakjarni fyrir Vestfirði og til þess þarf almennilegar samgöngur



Halldór Halldórsson.

á milli norður- og suðursvæðis.“

– eirikur@bb.is



Marta Pálsdóttir og Guðmundur M. Guðmannsson eru fyrstu brúðhjónin til að vera gefin saman í Eyrarkirkju í 76 ár. Ljós: Þorsteinn J. Tómasson.

Fyrsta giftingin í Eyrarkirkju í 76 ár

Þann 8. ágúst síðastliðinn, (08.08.08), voru gefin saman brúðhjónin Marta Pálsdóttir og Guðmundur Matthías Guðmannsson í Eyrarkirkju í Seyðisfirði. Það væri ef til vill ekki frásögur færandi nema vegna þess að 76 ár eru liðin frá því að hjón voru síðast gefin saman í kirkjunni. Það voru hjónin Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, fædd 23.09.1901, og Kristján Jónsson, fæddur 18.08.1897. Bæði störfuðu þau sem kennarar í Hnífsdal.

Eyrarkirkja er í einkaeygu en hún var byggð árið 1866. Undir kirkjugólfinu er gróf Ólafar Guðmundsdóttur, en veglegan stein með áletrun má sjá með því að opna hlera í gólfinu. Kirkjan er járnklætt timburhús og meðal dýrmætra muna hennar eru norskur skírnarfontur úr tálbusteini með gamalli messingskál. Hann var gjöf norskra hvalveiðara.



Héraðsdómur Vestfjarða er til húsa í Neista á Ísafirði.

Fundinn sekur um brot á umferðar- og fíkniefnalögum

Karlmaður var fundinn sekur í héraðsdómi Vestfjarða á dögnum fyrir brot á umferðarlögum og fíkniefnalögum. Maðurinn viðurkenndi brot sitt og var dæmdur til 140 þúsund króna sektar, eða 10 daga fangelsis ef sektin verði ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Auk þess var hann sviptur ökuréttindum í tólf mánuði. Málsatvik voru þau að maðurinn ók norður Vesturlandsveg við

Hafnará undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Gerðist þetta seint í mars síðastliðnum. Daginn eftir var maðurinn síðan tekinn með 1,9 grömm af hassi, sem fannst eftir líkamsleit eftir að hann hafði verið handtekinn við almennt fíkniefnaeftirlit á Ásgeirskanti á Ísafirði. Játning ákærða þótti í samræmi við gögn málsins, þ.m.t. matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði en í henni kemur fram að

ölöleg efni hafi fundist í blóðsýni sem ákærði gaf í þágu rannsóknar málsins.

Fram kemur í dómnum að í byrjun nóvember árið 2006 hafi maðurinn gengist undir sektargerð þess efnis að hann greiddi 31 þúsund krónur vegna fíkniefnabrots og að eftir það hafi hann tekið sig á og farið í vímuefnamferð. „Jafnframt gekkst hann greiðlega við brotum sínum við þingfestingu málsins og þá er

sakaferill hans nær enginn. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að mikið magn fíkniefna reyndist í blóði ákærða er lögregla hafði af honum afskipti 21. mars sl., svo sem áður er rakið.“

Þá var maðurinn dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, alls 148.700 krónur. Eiturlyfin voru gerð upptæk. Dóminn kvað Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

– eirikur@bb.is

Vilja plöntusteingervingasetur á Vestfjörðum

Skógræktarfélag Íslands, sem fundaði á Ísafirði fyrir stuttu, beinir því til Háskólaseturs Vestfjarða og Náttúrustofu Vestfjarða að koma á fót plöntusteingervingasetri á Vestfjörðum, enda sé hér að finna merkilegar leifar fornra skóga Íslands. Tillögunni fylgdi greinargerð og í henni kemur meðal annars fram að rannsóknir á íslenskum jarðlögum megi rekja aftur til árunna 1750 til 1760 þegar Eggert Ólafsson ferðaðist um landið. Frá þeim tíma hafi innlendir og erlendir fræðimenn rannsakað plöntusteingervinga hér á landi. Þekktustu svæði þessara plöntuleifa sé að finna á Vestfjörðum.

Óska eftir aukningu á stöðugildum

Kristín Ósk Jónasdóttir, grunnskólafulltrúi, hefur farið fram á það við Ísafjarðarbæ að stöðugildi almennra starfsmanna við Grunnskólann á Suðureyri verði aukið sem nemur 0,57 stöðugildum á ársgrundvelli. Samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins eru stöðugildi vegna stuðningsfulltrúa við skólann 0,5, og er það komið til vegna nemanda sem þarf áfram á þessum stuðningi að halda. „Nú í vetur er að koma inn í skólann einstaklingur sem þarf að fá stuðning vegna þroskafráviks. Um er að ræða nemanda í 1. bekk sem við munum að öllum líkindum fá jöfnunarframlag með frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga“.



Allt tiltækt slökkvilið var kallað á vettvang. Ljósmynd: Kristín Ósk Sigurjónsdóttir.

Snarræði slökkviliðsmanna kom í veg fyrir stórbruna að Suðurtanga 2

Ílla hefði þegar eldur braust út í húsnæði við Suðurtanga á Ísafirði á mánudag ef ekki hefði verið fyrir snarræði liðsmanna slökkviliðs Ísafjarðarbæjar að sögn lögreglunnar á

Vestfjörðum. Tilkynnt var um eldinn á sjötta tímanum en þetta er í annað skiptið á fimm dögum sem eldur brýst út í sama húsnæði. Allt tiltækt slökkvilið var kallað á vett-

vang, þar á meðal tankbíll slökkviliðsins og kranabíll. Að sögn Þorbjörns Jóhanns Sveinssonar, slökkviliðsstjóra, var um svokallað stórt útkall að ræða og lagði töluverðan

reyk frá húsnæðinu þegar slökkviliðið kom á vettvang. „Það var búið að tæma íbúðarhúsnæði á efri hæðinni en grunur lék þó enn á að einhver gæti enn verið þar inni. Eftir

að reykkafarar höfðu gengið úr skugga um að svo væri ekki hófst hið eiginlega slökkvistarf“, segir Þorbjörn. Slökkvistarf gekk vel að sögn Þorbjörns en eldurinn var við rafmagnstöflu innst í húsinu. Eldurinn náði að brenna sig í gegnum gólf og upp á aðra hæð húsnæðisins en slökkvilið náði fljótlega tökum á eldinum og lauk slökkvistarfi upp úr klukkan

reyskemmdir en íbúðir á efri hæðinni voru fullar af reyk sem og í húsnæði á neðri hæðinni, þar á meðal aðstaða siglingaklúbbsins Sæfara. Að sögn Halldórs Sveinbjörnssonar, varaformanns Sæfara, er tjónið mikið fyrir siglingamenn. Reykur var mikill í aðstöðu Sæfara og urðu þar miklar reyskemmdir í á bátum og búnaði félagsins.

Upptök eldsins er í rannsókn að sögn lögreglunnar. – nonni@bb.is

– nonni@bb.is

Mikilvægt að nýta sér þörf á þjónustu við Austur-Grænland

Mikilvægt er fyrir fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum að nýta sér þá staðreynd að risastór náma norðan við Scoresbysund á Grænlandi þarf á mikilli þjónustu að halda að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Halldór segir að viðræður Ísafjarðarhafnar við kanadískt námavinnslufyrirtæki um að nýta hafnir bæjarins við að flytja niðurmalað fjallið Malm-bjerget hafi ekki borið árangur og fyrirtækið hafi ekki séð sér hag í að nýta hafnir Ísafjarðarbæjar. Fyrirtækið hyggst þess

í stað sigla með efnið framhjá Íslandi og nýta hafnir annars staðar, væntanlega þar sem efnið molybdenum verður meðhöndlað í stóriðju. „Vegna þessa þarf að vinna hratt hér heima fyrir og lykila- triði að fyrirtæki hér á svæðinu nýti sér þá staðreynd að

risastór náma norðan Scoresbysunds með um 600 manns í vinnu, þarf á mikilli þjónustu að halda“, segir Halldór. Hann telur flugvöllinn vera lykilaatriði en áreiðanlega verður mikil eftirspurn eftir tækniþjónustu og fleiru.

Vill koma upp sögubrotasafni í kaupfélagshúsinu á Þingeyri

Hrafnhildur Skúladóttir á Þingeyri hefur lagt fram kaup-tilboð í Vallargötu 1 á Þingeyri en hún sér fyrir sér að hægt verði að koma þar upp dýrfirsku sögubrotasafni í húsnæðinu. Í bréfi frá Hrafnhildi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar kemur fram að ráðast

þurfi í gagngerar endurbætur á húsinu að innan og utan. Nái að semja um kaup á húsinu sér hún fyrir sér að loknum endurbótum að handverks- hópurinn Koltra fái aðstöðu á jarðhæð hússins ásamt upp- lýsingamiðstöð ferðamanna sem handverkskonur hafa séð

um rekstur á í fjölda ára. Einnig eru hugmyndir um að dýrfirsku sögubrotasafni verði komið á laggirnar, þar sem tímabilum í sögunni yrðu gerð skil. Í bréfinu er tilboðs- verð ekki nefnt. Alls hafa þrjú tilboð borist í Vallargötu 1. Bæjarstjóri upplýsti á fundi

bæjarráðs að tvö önnur tilboð hefðu borist í húsið. Fljótlega verður unnið úr tilboðunum og verði ekki af viðskiptum, verður hægt að ganga til samn- inga við Hrafnildi Skúladóttur. Bæjarráð samþykkti að til- boðið verði sett í vinnslu ásamt fyrri tilboðum í húsið.

Sekt fyrir van-efndir á samningi

Verktakafyrirtæki á Ísa- firði hefur verið gert að greiða undirverktaka 200.000 krónur í bætur vegna van- efnda á verksamningi. Dómur þess efnis var kveðinn upp í héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku. Undirverk- takinn höfðaði málið upp- haflega vegna meintra van- efnda á tveimur verksamn- ingum. Byggði kröfugerð stefnanda annars vegar á því að stefndi hefði ekki greitt honum að fullu vegna til- boðsverks og hins vegar að hann hefði enga greiðslu fengið vegna verks er unnið hefði verið á grundvelli

munlegs samkomulags. Krafðist stefnandi að stefnda yrði gert að greiða 1.596.300 krónur ásamt dráttar- vöxtum. Í dómsúrskurði kemur meðal annars fram að stefn- anda hafi ekki tekist að sanna að stefnda hafi beðið félagið um að vinna það verk sem um er getið. Af þeirri ástæðu var stefnda sýknað af þeim hluta stefnu- kröfunnar. Fallist var á einn kröfufilið stefnanda vegna tilboðsverksins en stefnda sýknað að öðru leyti. Máls- kostnaður var felldur niður. – nonni@bb.is



Rafn (til hægri) var að vonum ánægður með kaupin. Hann segir skútuna verða fyrst og fremst „hobbí og heimili“.

Stærsta skúta á Íslandi

Stærsta skúta á Íslandi sigldi inn Skutulsfjörðinn á miðvikudag í síðustu viku og lagðist upp við bryggju í sinni nýju heimahöfn. Það var Rafn Pálsson sem keypti þetta glæsilega fley í Hollandi en það er

61 fet sem gerir þetta að stærstu skútu landsins. Hún er einu feti stærri en Aurora, skúta Borea adventures sem einnig hefur Ísafjörð sem heimahöfn. Að sögn Rafns gekk siglingin frá Hollandi til Íslands frá

Hollandi vel en hún tók um sjö daga. Fimm manns voru í áhöfn skútunnar á siglingunni.

Rafn vill sem minnst tjá sig um kaupverðið á skútunni sem er tólf ára gömul, byggð 1996. „Ég ætla að búa í henni“, svar-

ar Rafn þegar hann er spurður út í hvað hann hyggst nota skútuna í, „Það má vel vera að ég noti hana eitthvað í að sigla um svæðið en skútan verður samt fyrst og fremst hobbí og heimili“.



Skútan er 61 fet og því hin stærsta á Íslandi.



Íslenskunemarnir þökkuðu Ísfirðingum gestrisnina með söng.

Íslenskunemar þökkuðu fyrir sig

Hópur 80 skiptinema sem voru á þriggja vikna íslenskunámskeiði á Vestfjörðum þökkuðu Ísfirðingum fyrir sig á föstudag. Hópurinn hefur dvalið síðustu vikur á Núpi og á Ísafirði en þeir hafa notið aðstoðar bæjarbúa meðal annars við verkefnagerð þar sem bæjarbúar voru sérstaklega beðnir um að freistast ekki til að tala ensku við hópin. Svo virðist sem bæjarbúar hafa staðið við það ef marka má árangur sumra nemenda sem var vonum framar. Íslenskunámskeiðskórinn söng fyrir bæjarbúa sem kunnu greinilega vel að meta flutninginn, sérstaklega þegar hugsað var til þess að sungið var á íslensku en flestir nemendur töluðu ekki stakt íslenskt orð fyrir aðeins þrem vikum.

Hópurinn tók mörg fræg íslensk lög eins og Krummi krunkar úti og lagið um fingurna, en bæjarbúar hlógu mikið þegar röðin kom að löngutöng sem nemendur reistu á loft og sýndu áhorfendum.

Ruth Tryggvason gaf nemendum ljúffengar kringlur úr Gamla bakaríinu áður en haldið var í útskriftarveislu í Edinborgarhúsinu. Það var bæjarbúum boðið upp á léttar veitingar auk þess sem nemendur fluttu nokkur skemmtiatriði fyrir gesti.

Þetta var í fyrsta skiptið sem námskeið af þessu tagi var haldið á Ísafirði en svipuð námskeið hafa verið haldin í Reykjavík síðustu ár. Háskóla-setur Vestfjarða hélt námskeiðið í náinni samvinnu við Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins en flestir nemendur á námskeiðinu voru skiptinema á vegum Nordplus og Erasmus. Markmið námskeiðsins var ekki að gera nemendum kleift að tala íslensku reiprennandi heldur að undirbúa þá fyrir ársdvöl á Íslandi með því að kynna fyrir þeim íslenska tungu og menningu. Að sögn aðstandenda námskeiðsins gaf það mjög góða raun í ár og vilji er fyrir hendi að halda það aftur að ári liðnu.

Á þriggja ára fresti gefst kostur á að kynna sér:
Íslensku sjávarútvegssýninguna 2008
Smárin/Fífan, Kópavogur, Ísland • 2-4 október 2008
Stærstu sjávarútvegssýninguna í norðri!

Nýsköpun, nýjasta tækni og ný framleiðsla í öllum básum!
Forðist biðraðir og sparið fé! Skráið ykkur á Netinu á www.icefish.is til þess að spara 20%!

- Hönnun og smíði fiskiskipa
- Fiskileit og veiðar
- Úrvinnsla og pökkun
- Markaðsetning og dreifing

Allar nánari upplýsingar um Íslensku sjávarútvegssýninguna, Íslensku sjávarútvegsverðlaunin eða sýningarhátíðina veitir Marianne Rasmussen-Coulling, sími: +44 (0) 1962 842950 og netfang: mrasmussen@mercatormedia.com

EIMSKIP Official Freight Carrier
mercatormedia Organizer
Landsbanki Award Sponsor
worldfishing International Publication
ICELANDAIR Official Airline

www.icefish.is

Fáeinir básar enn lausir!



Nemendur kunnu vel að meta kringlurnar hennar Ruth.



Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Jón Páll Hreinsson, formaður HSV, undirrita samninginn.

Íþróttar- og æskulýðsstarf eftir

Ísafjarðarbær og Héraðs-samband Vestfirðinga (HSV) hafa gert með sér verkefna-samning sem hefur það að markmiði að renna enn frekari stoðum undir íþróttar- og æskulýðsstarf í sveitarféláginu. Samningnum fylgja greiðslur upp á átta milljónir króna

gegn vinnu ýmissa verkefna. Með samningnum aukast greiðslur bæjarins til HSV um tæp 170% og sér sambandið um að ráðstafa bæði fjármunum og verkefnum til aðildarfé-laga sinna með tilliti til barna- og unglingastarfs þeirra. Segja má að um tímamótasamning

sé að ræða þar sem verið er að tryggja HSV í sessi sem fulltrúa íþróttafélaganna í bæn-um. Beinum samningum bæj-arins við íþróttafélögin fækkar með honum, en fjárframlagið eykst. Meðal þeirra verkefna sem skilgreind eru í fylgiskjali

samningsins eru vinna við atburði Skíðaviku, árleg þríf á fjörum, umsjón með spark-völlum bæjarins, þríf á raket-um og öðru drasli eftir áramót og umsjón með Fossavatns-göngunni og Óshliðarhlaup-inu.

– nonni@bb.is



Vilja koma á jafnstöðuafli

Smábátafélagið Elding á norðanverðum Vestfjörð-um vill að farið verði yfir störf Hafrannsóknastofnunar og athugað hvers vegna rannsóknir hennar ber í engu saman við reynslu sjó-manna hvað varðar minnkun á þorski. Þetta kemur fram í svohljóðandi ályktun sem félagið hefur gefið frá sér: „Stjórn smábátafélagsins Eldingar leggur til að settur verði 220.000 tonna jafn-stöðuafli í þorski í þrjú ár, meðan farið verður yfir störf Hafrannsóknastofnunar og athugað hvers vegna rann-sóknir Hafró ber í engusam-an við reynslu sjómanna, sem ekki hafa orðið varir við minnkun á þorski. Einn-ig yrði þetta til að efla þjóð-arhag og afstýra kreppu.

Stjórn Eldingar leggur til að vegna stóraukins skötu-selsafla og stórauðinnar út-breiðslu skötusels við Ís-lands, verði skötuselur utan kvóta sem meðafli norðan við Snæfellsnes og norður og austur um til Austfjarða. Stjórn Eldingar leggur til að línuívilnun verði hækk-uð í 20% og einnig verði tekin upp handfæraívilnun, til að handfæraveiðarnar leggist ekki af. Þá mótmælir Elding einnig rafrænni afla-dagbók og vill hafa afla-dagbókina óbreytta fyrir þá sem það vilja.“ Einnig hefur Elding sent frá sér ályktun þar sem það mótmælir öllum framkomn-um hugmyndum um að tekin verði upp fjarvigtun í Ísafjarðarbæ.

– thelma@bb.is

Engar hættumerkingar við lausamöl í Engidal

Hvergi var varað við hættu á lausamöl á vegarkafli þeim í Engidal þar sem bifreið end-aði utanveggar á fimmtudags-kvöld. Ung stúlka missti þá stjórn á bifreið sinni eftir að hafa lent í lausamölinni með þeim afleiðingum af bifreiðin hafnaði úti í sjó. Stúlkan komst ásamt vinkonum sínum úr bílnum, sem fór á kaf, og í land án teljandi meiðsla en þær voru töluvert skelkaðar

eftir óhappið. Bæjarbúi sem hafði samband við blaðið sagði hafa verið á sömu slóðum eftir að það fór að rökkva. Bar hann ekki góða sögu af vegar-kaflanum en einstaklega erfitt er að átta sig á að nýbúið sé að leggja klæðningu á veginn í myrkri. Engar merkingar voru til staðar til að vara ökomenn við og munaði minnstu að bæjarbúinn hefði misst stjórn á bifreiðinni, líkt og stúlkan.

Taldi hann þetta mikla slysa-gildru. Sigurður Mar Óskarsson, þjónustustjóri hjá Vegagerð-inni, segir þetta hefðbundnar blettanir. „Svæðið er sópað eftir megni og svo binst mölin sem eftir er mjög fljótt. Þessar blettanir sem voru fram-kvæmdar þarna eru hluti af framkvæmdum sem ná alveg að Hólmavík. Þegar það er sett klæðning á svona stóru

svæði og á svo mörgum stöðum er mjög erfitt að merkja hvern einn og einasta. Það eru sett upp skilti þegar verið er að vinna á viðkom-andi svæði en þá er hættan mest fyrir starfsmenn sem og ökomenn. Það hefur líka sýnt sig að merkingar og viðvaranir eru ekki að virka hvort sem er“, segir Sigurður Mar Ósk-arsson.

– nonni@bb.is



Hvergi var varað við lausamöl á nýrri klæðningu.

Ánægðar að ekki fór verr

„Við vorum rosalega heppn-ar“, segir Anna María Björns-dóttir, 17 ára ökumaður bíls sem hafnaði út í sjó eftir að hún missti stjórn á honum í lausamöl á nýlagðri klæð-ningu í Engidal á fimmtudags-kvöld. Anna María ásamt tveimur farþegum tókst af miklu snarræði að koma sér út úr bílnum og í land áður en hann fór á bólakaf. „Billinn byrjaði að rása í mölinni enda hefur greinilega verið nýbúið að leggja á veginn og mjög

mikið af mól, mun meira en er núna. Ég reyndi að beygja í þá átt sem billinn var að rása og steig svo örlétt á bremsuna og billinn fór beint út af veg-inum. Við lentum fyrst á húdd-inu og förum hring í loftinu og lentum svo aftur á húddinu og svo sem betur fer féll bill-inn á dekkinn í vatninu. Við tókum sem sagt tvær stungu-veltur fram fyrir okkur“, sagði Anna María í samtali við blaðið. „Billinn klesstur að framan

og að aftan en ekkert á þakinu og við vorum mjög heppnar að billinn skildi lenda á dekkj-unum í sjónum. Afturrúðan brotnaði og stelpurnar gátu skriðið þar út en ég skrúfaði niður fremri rúðurnar á meðan billinn var í loftinu og komst þar út, en það er gert rafrænt svo það er ekki víst að ég hefði getað gert það eftir að billinn lenti. Við syntum í land og þegar við vorum komin upp á veginn var billinn nær kominn á kaf“, bætir Anna

María við. Anna María segir þær vin-konurnar þrjár vera í miklu sjokki en sem betur fer meidd-ust þær ekki að ráði. „Við fengum hnykk út af beltunum en við vorum upp á sjúkrahúsi og það verður allt í lagi með okkur. Við eigum samt að taka því rólega því við erum með bólgur í baki sem eiga að versna á næstu dögum en við erum bara ánægðar að ekki fór verr.“ Ljóst er að mikil mildi var að ekki fór verr.



Starf í eldhúsi

Laust er starf í eldhúsi Fjórðungssjúkra-hússins á Ísafirði. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu til frambúðar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnana-samningi HSI. Frekari upplýsingar gefa Birgir eða Gestur í síma 450 4560.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Heil-brigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, Torf-nesi, 400 Ísafirði, fyrir 15. september nk. á eyðublöðum sem fást í afgreiðslu Fjórð-ungassjúkrahússins á Ísafirði. Öllum um-sóknum verður svarað er gengið hefur verið frá ráðningu.

Átaldir harðlega fyrir framkvæmdir án leyfis

Ekki var óskað eftir leyfi fyrir framkvæmdum við tjaldstæði í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi og hafa framkvæmdir verið stöðvaðar, auk þess sem óskað hefur verið eftir upplýsingum frá framkvæmdaaðila. Byggingarnefnd Súðavíkurhrepps hefur auk þess á talið framkvæmdaaðila harðlega fyrir að hefja framkvæmdir án tilskilinna leyfa. Eins og fram hefur komið sendi Margrét Karlsdóttir, sumarbústaðaeigandi í Hveravík á Reykjanesi, bæjaryfirvöldum í Súðavíkurhrepp fyrirspurn vegna framkvæmdanna. Samkvæmt upplýsingum bb.is voru framkvæmdirnar, sem áttu sér stað undir lok síðasta mánaðar, til þess að útbúa tjaldstæði fyrir Ferðabjónustuna í Reykjanesi.

Ritstjórnargrein

Horft til Austur Grænlands

Búi festa að baki viljayfirlýsingar utanríkisráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um að unnið verði að því að koma á auknum samskiptum og viðskiptum milli Grænlands og Ísafjarðarbæjar, í tengslum við stórfellda námuvinnslu sem fyrirhuguð er á Austur-Grænlandi, getur ávinningurinn orðið umtalsverð lyftistöng fyrir Vestfirði. Aðspurð um hlutverk Vestfjarða í þessu sambandi sagði utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, í viðtali við BB í síðustu viku: „Það gæti verið að vera baklandið fyrir þessa námuvinnslu. Austur-Grænland er engin byggð sem getur verið bakland fyrir námu þar sem gert er ráð fyrir að muni vinna um 500 manns. Náman verður rekin þannig að þangað verður selflutt fólk fram og til baka til vinnu. Það býr ekki á staðnum nema rétt á meðan það er á vakt að vinna. Og það verður kannski skipt um áhöfn á 3-4 vikna fresti. Og þá er eiginlega styst að fljúga hingað til Íslands.“

Af samtalinu við utanríkisráðherra að ráða blasir tvennt við: Í fyrra falli þarf að hafa snör handtök hvað allan undirbúning varðar þar sem gert er ráð fyrir að vinnsluleyfi fyrirhugaðrar námu verði gefið út strax í haust; undirbúningur taki hugsanlega þrjú ár og síðan verði hafist handa með vinnslu. Gangi þetta eftir er ljóst að við höfum ekki mikinn tíma. Fljótlega verður að liggja fyrir hvort við erum í stakk búin til að taka verkið að okkur og hvort um það semst við þá er hluta eiga að máli. Í annan stað þurfum við á grundvelli væntanlegra samninga, þegar að námuvinnslu kemur, að standa klár með hafnir flugvéla og skipa, þar sem unnt er að sinna þeim fólks- tækja- og efnisflutningi, sem starfræksla námunnar kemur til með að kalla eftir. Augljóst má vera að næðum við að byggja hér upp atvinnustarfsemi af þessu tagi myndu ýmiss konar möguleikar á annarri þjónustu fylgja í kaupbæti.

Um langt árabíl var Ísafjarðarflugvöllur burðarás í þjónustu Flugfélags Íslands við fyrirtæki á Austur-Grænlandi eða allt þar til að breyttar reglur um rekstur flugvalla, sem leiddu til þess að flugvöllurinn hafði ekki lengur leyfi fyrir millilandaflugi, tóku gildi. Meginástæða fyrir leyfissviptingunni mun hafa verið sú að búnaður til vopnaleyta er ekki til staðar á flugvöllum. Í dag er flugvöllurinn því skilgreindur sem „lendingarstaður“, ekki sem „flugvöllur“ í samantekt yfir alþjóðaflugvelli. Ekki hærri þröskuldur en þarna virðist í vegi ætti ekki að hefta för. Við hljótum að ráða við lögboðna vopnaleyti!

Sveitarstjórnarmenn á norðanverðum Vestfjörðum hafa lengi barist fyrir því að Ísafjarðarflugvöllur verði skilgreindur sem alþjóðaflugvöllur. Viðurkenningin er líflínan að því marki að hreppa hnóssið, sem felst í þjónustunni við Austur-Grænland.

Tækifærið er við dymar. Sveitarstjórnarmenn og ríkisvald verða að leggjast á eitt. Við megum ekki missa af þessum happafeng.

s.h.

Á þessum degi fyrir 36 árum

Hvað gerist 1. sept?

Því nær dregur 1. september, þeim mun meira ræða menn um landhelgismálið. Hvað gerist, þegar fiskveiðilögsagan verður færð út í 50 mílur, og hvernig verður best á málunum haldið? Morgunblaðið hafði í gær sambandi við nokkur útgerðarpláss í öllum landshlutum og spurði fréttaritara sína þar og nokkra aðra hvað mönnum þar væri efst í huga þessa dagana í sambandi við landhelgismálið. [...]

Tálknafjörður—Menn bíða nú bara spenntir eftir því hvernig málin skipast um næstu helgi. Þó held ég að þeir búist almennt við átökum. Við höfum heldur ekki bolmagn til þess að slást, en það verður ábyggilega allt gert til þess að koma í veg fyrir að útlendir togarar fái frið hér á miðunum. Það er nú svo komið hér, að varla nokkur fiskur berst á land vegna hinnar auknu ásóknar á miðin út af Vestfjörðum. Við erum það utarlega, að grunnlínupunktur núverandi fiskveiðilögsögu eru hérna rétt fyrir utan. Það er því algjört lífshagsmunamál okkar, sem annarra Vestfirðinga, að komið verði í veg fyrir að þessi erlendu fiskiskip skrapi upp allt líf hérna á miðunum.

Umsóknarfrestur framlengdur

Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, hefur ákveðið að framlengja umsóknarfrest vegna úthlutunar byggðakvóta í ákveðnum sveitarfélögum fyrir fiskveiðiárið 2007-2008. Þar á meðal eru sex sveitarfélög á Vestfjörðum; Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvík, Ísafjarðar-bær, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur. Umsóknarfresturinn rann út í síðustu viku en hefur nú verið framlengdur til og með 1. september. Fiskistofa úthlutar byggðakvótanum.



Lundaveiðin virðist vera að taka við sér í Vigur.

Lundaveiðin í Vigur að taka við sér

Lundaveiði í Vigur í Ísafjarðardjúpi virðist vera að taka við sér eftir nokkurra ára lægð að sögn Salvars Baldurssonar, bónda í Vigur. „Það hefur verið minna um lunda síðustu tvö til þrjú árin. Í ár hefur þetta hins vegar gengið

þokkalega og svo virðist vera sem lundinn sé að jafna sig aftur. Það er erfitt að segja hver ástæðan er, þetta fer auðvitað allt eftir æti hjá fuglinum“, segir Salvar.

Það er ljóst að það er búið að vera mikið líf í djúpinu í

sumar að sögn Salvars en auk aukinnar lundaveiði hafa ferðamenn fjölmennt í eyjuna í sumar. „Það er búið að vera ágætis fjöldi herna í sumar. Það voru margir ferðamenn sem komu af skemmtiferðaskipunum frá Ísafirði en einn-

ig vorum við með tvö skip sem lágu hér við eyjuna og ferjuðu í land. Gott veður í sumar gerði hjálpaði auðvitað til en veðurfar hefur afgerandi áhrif á fjölda ferðamanna. Þetta fer svo mikið eftir því hvernig er í sjóinn til dæmis“, segir Salvar.

Einstæðum foreldrum fjölgar á Vestfjörðum

Alls eru 1.674 kjarnafjölskyldur á Vestfjörðum og tilheyra þeim 4.892 einstaklingar, en fyrir tíu árum síðan voru fjölskyldurnar 2.014 og meðlimir þeirra 6.195. Fjölskyldunum hefur því fækkað um 17% og meðlimunum um 21%. Einstaklingar voru 2.461 árið 1998 en eru í ár 1.908 talsins. Hefur þeim því fækkað um 22,5%. Hjónaböndum án barna hefur fækkað litillega, úr 688 í 640, eða um 7%, en

hjónaböndum með börnum hefur fækkað nokkuð meira, úr 731 í 560, eða um rúm 13%. Þör í óvígðri sambúð án barna voru 115 talsins árið 1998, en eru nú 67 talsins, og hefur því fækkað um 42%. Þör í óvígðri sambúð með börnum hefur fækkað úr 322 í 207, eða um 36%.

Einstæðir foreldrar er eini hópurinn sem hefur stækkað. Hefur karlmönnum með börn fjölgað úr 15 í 21, og gera þeir

sex karlmenn heil 40%. Konum með börn hefur þá fjölgað úr 143 í 179, eða um 25%.

Frá árinu 1999 teljast til kjarnafjölskyldu hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 17 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 17 ára og yngri. Börn 18 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum

sínum 18 ára og eldri. Árin 1997 og 1998 teljast til kjarnafjölskyldu hjón og fólk í óvígðri sambúð, börn hjá þeim 15 ára og yngri, einhleypir karlar og konur, sem búa með börnum 15 ára og yngri. Börn 16 ára og eldri, sem búa með foreldrum sínum, teljast ekki til kjarnafjölskyldu og sama gildir um einhleypa sem búa með börnum sínum 16 ára og eldri.

– eirikur@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgtötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is · **Jón Gunnarsson**, símar 456 4560 og 848 4847, nonni@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is.
Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. ·
Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Eignir Vestfirðinga 49 milljarða króna virði

Samkvæmt yfirliti skattstjóra yfir helstu eignir og skuldir einstaklinga eru eignir íbúa á Vestfjörðum að verðmæti 48.562 milljónir króna. Fasteignir íbúa á Vestfjörðum eru að verðmæti 24.302 milljónir króna. Þar af er hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi 1.394 milljónir króna; innlend og erlend verðbréf 5.780 milljónir króna; ökutæki 3.977 milljónir króna; hlutabréf 2.957 milljónir króna; hlutabréf í erlendum félögum 3.745 milljónir króna; innlendar innistæður o.fl. 5.857 milljónir króna; innstæður í erlendum bönkum 197 milljónir króna og aðrar eignir 294 milljónir króna. Athygli vekur að skattumdæmi Vestfirðna er hið eina þar sem meiri peningur er í hlutabréfum í erlendum félögum en öðrum hlutabréfum.



Menntaskólinn á Ísafirði í röð fremstu skóla í tölvumálum

Undirritaður hefur verið samstarfsamningur á milli Menntaskólans á Ísafirði, Opinna kerfa og Snerpu. Samningurinn færir Menntaskólann í röð fremstu skóla í tölvumálum, bæði gagnvart nemendum og kennurum. Nemendum er nú í fyrsta skipti gert skylt að nota fartölvu við nám í skólanum til hagræðis bæði fyrir nemendur og kennara. Komið er á mótis við þá nemendur sem ekki eiga fartölvu og þeim gefinn kostur á að leigja fartölvu á 10.000 kr á önn. Í samningnum er gert ráð fyrir því að 23 vinnustöðva- og netþjónar verði hýstir í vélasal Snerpu til að mæta ströngustu öryggiskröfum.

Auk þess festi skólinn kaup á 300 fartölvum fyrir nemendur og kennara. Vélbúnaðurinn

í Snerpu er tengdur Menntaskólanum með 1 Gbps ljósleiðara sem lagður var fyrir skömmu af starfsmönnum Snerpu. Samband þetta nægir fyrir öflugustu grafikvinnslu og hægt er að tengjast vinnustöðvunum hvaðan sem er svo lengi sem nettenging er í boði.

Sif Helgadóttir og Þórður Jensson, starfsmenn Opinna kerfa skrifuðu undir samninginn ásamt Jóni Reyni skóla-meistara menntaskólans, Gísla Halldórssyni fjármálastjóra menntaskólans og starfsmönnum Snerpu, þeim Matthildi Helgadóttur framkvæmdastjóra og Ragnari Árnasyni þjónustu- og sölustjóra. Samningur þessi hleypur á tugum milljóna og mun styrkja uppbyggingu fyrirtækjaþjónustu Snerpu enn frekar.



Frá undirritun samningsins. Frá vinstri: Ragnar Árnason, Matthildur Helgadóttir, Gísli Halldórsson, Jón Reynir Sigurvinsson, Sif Helgadóttir og Þórður Jensson. Ljósmynd: Ágúst G. Atlason.

Ítreka nauðsyn millilandaflugs um Ísafjarðarflugvöll

Atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar hefur ítrekað samþykkt nefndarinnar frá því í febrúar um nauðsyn þess að samgönguyfirvöld opni Ísafjarðarflugvöll fyrir millilandaflug að nýju. Vegna reglugerðabreytinga má ekki nota flugvöllinn í millilandaflug nema settar verði upp nauðsynlegar girðingar og tækjabúnaður til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Í fundargerð atvinnumálanefndar kemur meðal annars fram: „Atvinnumálanefnd gerir kröfu um að hægt verði að fljúga um Ísafjarðarflugvöll í millilandaflugi. Aðstæður í dag vinna gegn nýsköpun í atvinnulífi svæðisins og möguleikum á að þróa þjónustu við A-Grænland.“

Áætlað er að kostnaður við nauðsynlegar endurbætur á girðingum og búnaði myndi nema að minnsta kosti 40 milljónum króna. Til að hægt sé að skilgreina Ísafjarðarflugvöll sem alþjóðaflugvöll og hefja þaðan millilandaflug með frakt og farþega, þarf völlurinn að uppfylla kröfur samkvæmt reglugerðum um



Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar telja nauðsynlegt að opna Ísafjarðarflugvöll fyrir millilandaflugi að nýju.

flugvelli og flugvernd. Í fyrrnefndu reglugerðinni er meðal annars kveðið á um nauðsyn flugvallarhandbókar, öryggisstjórnunarkerfis og aðflugs-

búnaðar, en síðastnefnda skilyrðið fer þó mjög eftir landfræðilegum aðstæðum hverju sinni. Reglugerð um flugvernd fjallar um viðeigandi

ráðstafanir sem þarf að uppfylla varðandi meðhöndlun og skimun farþega, farangurs og fraktar.

– nonni@bb.is



Reykhólahreppur

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Skipulagsuppdrættir, greinargerð, umhverfisskýrsla og skýringaruppdrættir liggja frammi á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, frá 25. ágúst til 7. október 2008. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu Reykhólahrepps á veffanginu www.reykholar.is og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Athugasemdum skal skila skriflegum til skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólar, merkt aðalskipulag, fyrir 7. október 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni. Samtímis er auglýst tillaga um niðurfellingu svæðisskipulags Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu.

24. ágúst 2008,
Sveitarstjórinn í Reykhólahreppi,
Óskar Steingrímsson.



Búa á vínekrunum í Móseldal

– Guðmundur Harðarson flugstjóri rifjar upp tuttugu ára feril sem atvinnuflugmaður

Guðmundur Harðarson flugstjóri hjá Cargolux í Lúxemburg hefur að undanfögnu dvalist í sumarfríi heima á Íslandi, að mestu í Bolungarvík þó að hann hafi skotist í flugmannsstarf hjá foreldrum sínum inn á milli. Guðmundur og eiginkona hans keyptu á sínum tíma meira en hundrað ára gamalt hús í Bolungarvík og gerðu það upp og hafa átt þar dvalarstað síðasta áratuginn þegar þau eru „heima“.

Guðmundur er fæddur í Bolungarvík en uppalinn á Ísafirði auk þess sem hann var mikið í Víkinni á sumrin hjá afa sínum og ömmu. Þar byrjaði hann á sjó eitt-hvað tíu-ellefu ára gamall hjá frændum sínum á Páli Helga. Guðmundur er sonur Harðar Guðmundssonar flugmanns og Jónínu Guðmundsdóttur úr Bolungarvík, sem hafa um áratugaskeið rekið Flugfélagið Erni og reka enn af meiri krafti en nokkru sinni fyrr. Eiginkona Guðmundar er Elísabet Anna Finnbogadóttir, dóttir Finnboga Bernódussonar, Boga í Tungu eins og hann er oftast kallaður, og Arn-dísar Hjartardóttur, Dísu Hjartar frá Fagrahvammi við Skutulsfjörð.

Nú stendur Guðmundur á fertugu en tuttugu ár voru núna í vor liðin frá því að hann byrjaði að fljúga sem atvinnuflugmaður. „Ég gerði það um leið og ég hafði aldur til. Maður þarf að vera orðinn tvítugur til að fá atvinnuflugmannsskírteini og ég hafði náð þeim aldri aðeins nokkrum dögum áður. Þá strax byrjaði ég sem aðstoðarflugmaður hjá Flugfélaginu Erni á Ísafirði, sem var þá nýbúið að eignast Twin Otter. Þannig hóf ég minn feril og var að fljúga hér heima alveg þangað til ég fór til Cargolux.“

Núna eru árin hjá Cargolux orðin sautján, þar af meira en tíu ár í flugstjórastætinu, og ekkert fararsnið á Guðmundi þaðan enda þurfa jafnvel þrautreyndir flugstjórar að byrja á byrjunarreit sem aðstoðarflugmenn ef þeir skipta um félag.

„En þó að ég sé búinn að vera hjá Cargolux öll þessi ár, þá hef ég alla tíð tekið einhverntíðni í fluginu hér heima líka. Það eru ákveðin forréttindi þar sem foreldrarnir hafa verið að reka sitt eigið flugfé-

lag. Meðan þau voru ennþá á Ísafirði kom ég heim í fríum og var að grípa í flugið hjá þeim.

Þá var ennþá haldið uppi áætlunarflugi á staðina um alla Vestfirði, póstrútan svokallaða, farið á Suðureyri, Flat-eyri, Ingjaldssand, Þingeyri, Bildudal og Patreksfjörð, fyrir utan tilfallandi leiguflug, svo ekki sé nú minnst á allt sjúkraf-
lagið. Á árunum þegar ég var að byrja að fljúga var Flugfélagið Ernir að fljúga hátt í tvö hundruð sjúkraflog á ári

þegar mest var.“

Flugfélagið Ernir í dag

Flugfélagið Ernir er í dag orðið stórt og öflugt miðað við það sem áður var, með sex flugvélar í rekstri og hátt í fimmtíu manns í vinnu. Félagið annast áætlunarflug á Hornafjörð, Sauðárkrók, Bildudal og Gjögur og sinnir einnig leiguflugi og sjúkraflogi á milli landa þó að grunnurinn í

dag sé áætlunarflugið innanlands með tvær mjög góðar nítján sæta vélar í þeim rekstri. Minni vélarnar eru einkum notaðar í leiguflugið og sjúkraflogið.

„Það er alltaf eitthvað um ferðir milli landa vegna sjúklunga sem eru á biðlistum eftir líffærum eða aðgerðum erlendis. Þegar kallið kemur verður að bregðast skjótt við og fljúga til Danmerkur eða Englands eða eitthvað annað“, segir Guðmundur.

– Þú skýst ennþá ferð og ferð hjá gamla félaginu þínu og foreldra þinna ...

„Já, þó ekki væri nema til að viðhalda mínum skírteinum og réttindum á minni flugvélar. Það er orðið þannig núna að maður þarf próf á hverja flugvéartegund fyrir sig og síðan þarf að fljúga ákveðið mikið til að halda því við. Undanfarin ár hef ég komið heim í sumarfríum og gripið í þetta. Einna mest hef ég þá verið í túristaflugi og útsýnisflugi, meira að segja á litlum eins hreyfils flugvélum. Reyndar er ég líka með réttindi á hinar vélarnar, bæði á Conquest-vélina sem er aðallega notuð í leigutúrana milli landa og eins á Jetstream-vélarnar sem eru notaðar í áætlunarfluginu.“

– Er pabbi þinn ennþá á fullu að fljúga sjálfur?

„Já, hann er að fljúga sjálfur kallinn alla daga meira og minna. Hann er bæði að stjórna þessu fyrirtæki og keyra þetta áfram og vakir og sefur með þessu. Hann er mættur snemma á morgnana og vakir yfir hlutunum alveg þangað til búið er að ganga frá öllu og allir farnir heim seint á kvöldin.“

Fyrirvari í styttra lagi

– Ferillinn hjá Cargolux ...

„Ég fleygði inn umsókn hjá Cargolux árið 1990. Síðan var haft samband við mig eitthvað um ári seinna eða snemma árs 1991 og mér boðið að koma á bóklegt námskeið á 747-200 þoturarnar sem þeir voru með þá. Þessu fylgdi ekkert loforð um vinnu en ef mér gengi vel á námskeiðinu kæmist ég á skrá hjá þeim og gengi fyrir ef þeir þyrftu að ráða mannskap. Þegar ég er búinn með þetta bóklega nám sem tók mánuð eða svo voru engar ráðningar í gangi hjá þeim þannig að ég kom heim aftur og var að fljúga á Ísafirði.

Seint um haustið hringja þeir svo í mig á fimmtudegi og segja að ég eigi að koma út og byrja í flughermi á laugardaginn. Mér þykir þetta stuttur

fyrirvari, en þá er mér sagt að ég þurfi að mæta á morgun á bóklegri upprifjun áður en ég byrji í herminum. Ég fékk lánaða litla eins hreyfils flugvél á Ísafirði og fór á henni suður til Reykjavíkur. Þá flugu Flugleiðir ennþá til Lúxemburgar og ég var kominn út um hádegi á föstudegi og náði restinni af þessu bóklega og fór svo daginn eftir til Frankfurt í Þýskalandi þar sem þjálfunin í herminum fór fram hjá Lufthansa. Síðan hefur ekki verið aftur snúið og ég er búinn að fljúga hjá Cargolux í sautján ár.“

Öll jarðar-kringlan undir

– Þú ert í fraktflugi um allan heim ...

„Já, það eru talsverðar úti-
legur í þessu og töluvert breytt frá því sem var þegar ég byrjaði. Það eru komnar nýrri og langfleygari vélar og allt umhverfið hefur breyst á þessum tíma. Þegar ég er að byrja stendur Persaflóastríðið sem hæst og við erum fyrsta félagið sem byrjar að fljúga inn á það svæði eftir að stríðinu lýkur.

Á þeim árum voru leggirnir styttri en núna. Túrarnir tóku kannski viku og leggirnir voru venjulega sex til átta tímar á

„Það er með þennan flugbransa, að þar gengur allt út á starfsaldurslista. Ef maður færi kannski að vinna hjá öðru flugfélagi, þá þyrfti í rauninni að byrja allt upp á nýtt, byrja neðst á lista og vinna sig upp á nýjan leik. Ef ég gæti á annað borð fengið vinnu hjá Icelandair, svo dæmi sé tekið, þá yrði ég að byrja þar á byrjunarlaunum sem aðstoðarflugmaður neðst á listanum.“

flugi og síðan stoppað einn eða tvo daga á hverjum stað og stundum lengur. Hefðbundinn túr var kannski frá Lúxemborg til Dubai og þaðan til Singapore og áfram til Kuala Lumpur. Þaðan aftur til Dubai eða Abu Dhabi þar sem stoppað var kannski einn eða tvo daga áður en flogið var í sex klukkutíma aftur til Lúxemburgar. Þá var maður heima hjá sér í þrjá-fjóra daga áður en farið var t.d. í Ameríkutúr eða eitthvað annað en síðan var tíu daga fri á eftir.

Núna eru vélarnar langfleygari auk þess sem áfangastöðum hefur fjölgað mjög. Cargolux mun vera með flesta áfangastaði af öllum félögum með 747-vélar og flýgur um allan heim. Það tæki langan tíma að telja upp alla þá staði sem maður er að fljúga til í öllum heimsálfum.“

– Veistu hvað þú hefur komið til margra landa og margra flugvalla?

„Nei, ég hef nú aldrei talið það saman. Mér hefur að visu dottið í hug að fá mér heimskort og setja teiknibólur á alla staði þar sem ég hef komið. Nýir staðir bætast við á hverju ári. Það hefur bæst í þann forða líka hérna heima þegar ég er að fljúga hjá Flugfélaginu Erni. Síðasta sumar kom ég á skemmtilega staði á Grænlandi, bæði til Ilulissat og alla leið norður til Qaanaaq sem er fyrir norðan Thule.“

Kajaksiglingar á Nýja-Sjálandi

– Hefurðu tíma til að skoða þig eitthvað um á þeim stöðum þar sem þú kemur?

„Já, það eru oft ágæt stopp. Til dæmis þegar við fljúgum til Nýja-Sjálands, þá eru þar tvö stopp, annað þrír dagar, hitt fimm dagar. Það er virkilega skemmtilegt að fara þangað niður eftir og vera í fimm daga stoppi. Þá er ekkert annað að gera en nota tímann og skoða sig um og ferðast.

Nýja-Sjáland er í sérstöku uppáhaldi hjá mér, þetta er fallett land og viðfelldi fólk sem er auðvelt að kynnast. Og þar sem ég hef lengi verið mikill áhugamaður um alls konar sport á borð við siglingar og kajakróður og fjallgöngur, þá er Nýja Sjáland hrein paradís fyrir þess háttar. Við fljúgum aðallega á norðureyjuna. Þar hef ég verið að fara í kajakróðra við Auckland og út í eyjarnar fyrir utan borgina.“

– Einhver lönd eða staðir þar sem þér finnst leiðinlegt að koma til?

„Nei, ég get nú ekki sagt

það. Ef maður er jákvæður og tekur hvern stað bara eins og hann er, þá er eitthvað gott og skemmtilegt við alla staði.“

Vínviður allt í kring

– Hafið þið verið búsett í Lúxemborg allan tímann þinn hjá Cargolux?

„Já, meira og minna. Ég var nú ókvæntur og laus og liðugur þegar ég fór þangað fyrst. Það var svo um tveimur árum seinna sem við Elísabet kynntumst og þá fljótlega kom hún út líka. Við höfum búið úti síðan fyrir utan þrjú ár þegar hún fór í skóla hér heima. Þau ár flaug ég bara heim þegar ég átti fri.

Núna eru komin sex ár síðan hún kom aftur út og við keyptum okkur hús inni á miðjum vínekrunum í Móseldalnum þar sem við búum í dag í einstaklega fallegu og skemmtilegu umhverfi. Þaðan eru ekki nema um tuttugu mínútur að flugvellinum í Lúxemborg. Bærin þar sem við eigum heima heitir Ehnén.“

– Eruð þið með vínyrkju?

„Við erum reyndar ekki með vínrækt sjálf en vínviðurinn vex allt í kringum húsið hjá okkur. Það eru þó nokkrir vínframleiðendur í Ehnén. Þetta eru allt lítil sveitaþorp þarna og vínafolk okkar í næsta þorpi eru vínbændur og hafa framfæri sitt af því.“

Starfsaldursgildran

– Nú fer vera þín hjá Cargolux að nálgast tvo áratugi. Hefurðu eitthvað hugsað til þess að skipta um starfsvettvang?

„Það hefur nú oft hvarflað að mér. Ég er og verð alltaf Íslendingur og finn alltaf fyrir heimþrá. Ísland togar alltaf í mig. Það er einhver þörf fyrir að vera heima og tala sitt móðurmál og vera innan um sitt fólk. En það er með þennan flugbransa, að þar gengur allt út á starfsaldurslista. Ef maður færi kannski að vinna hjá öðru flugfélagi, þá þyrfti í rauninni að byrja allt upp á nýtt, byrja neðst á lista og vinna sig upp á nýjan leik. Ef ég gæti á annað borð fengið vinnu hjá Icelandair, svo dæmi sé tekið, þá yrði ég að byrja þar á byrjunarlaunum sem aðstoðarflugmaður neðst á listanum.“

– En sumrin heima eru góð.

„Ég tók mér gott sumarfrí í ár, safnaði saman frídögum og tók núna nærri sex vikna frí í einum pakka. Mest höfum við verið hérna fyrir vestan þó að ég hafi aðeins skroppið til Reykjavíkur til að halda mér við á litlu vélunum og fljúga fyrir gamla manninn.“

– Hlynur Þór Magnússon.



Jón Reynir Sigurvinsson og Sif Helgadóttir handsala samninginn.

„Skólinn verður ein stór tölvustofa“

Með samning Menntaskólans á Ísafirði við Opin Kerfi og Snerpu um endurnýjun og rekstur tölvukerfis skólans mun notkun skólans á upplýsingatækni gjörbreytast. Tölvur hafa verið notaðar við kennslu hjá menntaskólanum í mörg ár og hafa þá tölvuver skólans verið mikið nýtt. „Núna verða hinsvegar engar tölvustofur. Það má kannski segja að öll byggingin og nágrenni hennar verða ein stór tölvustofa þar sem nemendur geta fengið þar aðgang að kerfinu. Áður fyrr voru tölvur ekki notaðar í kennslustofum og taldar til trafala af mörgum kennurum. Með þeirri tækni sem við höfum núna breytist þetta“, segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

Samningurinn var undirritaður í síðustu viku en í honum er einnig kveðið á um kaup á 300 fartölvum til afnota af kennurum en einnig verða þær leigðar út til nemenda skólans. Samningurinn er byltingarkenndur en með honum kemst skólinn í fremstu röð menntaskóla á landinu hvað varðar upplýsingatækni að sögn Jóns Reynis. „Með þeirri tækni sem okkur býðst með þessum samning getum við nýtt okkur betur upplýsingatækni við nám og kennslu í skólanum. Allir nemendur geta fengið fartölvu á leigu gegn vægu gjaldi en þeir eiga allir, hvort sem þeir eru með lánstölvur eða sínar eigin, að geta sótt alla þjónustu við tölvurnar hingað í skólann á endurgjaldi. Þetta verður í fyrsta skiptið sem krafist verður þess af nemendum að þeir hafi tölvur við námið og með þessum hagstæðu samningum getum við gert þessa kröfu. Nemendur hafa þá þann kost að leigja tölvurnar og hafa



Guðjón Torfi Sigurðsson afhendir Hallbergi Brynjari Guðmundssyni fyrstu fartölvuna.

full afnot af þeim á meðan á námi þeirra stendur við skólan og munu þeir eignast þær að því loknu“, segir Jón Reynir.

Ýmislegt fleira verður í boði fyrir nemendur með þessari nýju þjónustu. Til dæmis verður í öllum vélum sem tengdar eru kerfi skólans forrit sem kennarar geta stýrt tölvum nemenda með. Með því er hægt að sýna nemendum sem okkur býðst með þessum samning getum við nýtt okkur betur upplýsingatækni við nám og kennslu í skólanum. Allir nemendur geta fengið fartölvu á leigu gegn vægu gjaldi en þeir eiga allir, hvort sem þeir eru með lánstölvur eða sínar eigin, að geta sótt alla þjónustu við tölvurnar hingað í skólann á endurgjaldi. Þetta verður í fyrsta skiptið sem krafist verður þess af nemendum að þeir hafi tölvur við námið og með þessum hagstæðu samningum getum við gert þessa kröfu. Nemendur hafa þá þann kost að leigja tölvurnar og hafa

Að sögn Sifjar Helgadóttur, viðskiptastjóra sölusamninga

hjá Opnum Kerfum, skiptir samningurinn fyrirtækið miklu máli. „Við erum að fara á nýjar brautir í tæknilausnum fyrir menntaskóla og þessi samningur er liður í því. Samstarfið við Snerpu er einnig spennandi og það er gaman að geta boðið menntaskólanum upp á fullkomna lausn sem er hagstæð fyrir skólann og nemendur þess“, segir Sif en samningurinn gildir í þrjú ár. „Það var farið í útboð í vor og við ákváðum að semja við Opin Kerfi. Þá var ekki einungis horft til hagstæðra kjara heldur horfðum við einnig til þess háa þjónustustigs sem þeir bjóða ásamt góðum tæknilausnum sem uppfylla þau skilyrði sem við settum. Að loknum þrem árum verður samningurinn endurskoðaður og væntanlega framlengdur ef skilyrði hans eru uppfyllt“, segir Jón Reynir. Samningurinn sjálfur er trúnaðarmál og ekki er ljóst hvað upphæðin sem um ræðir er há. Ljóst er þó að samningurinn hleypur á tugi milljóna samkvæmt Gísla Halldórssyni, fjármálastjóra

Menntaskólans á Ísafirði.

Samhliða nýja kerfinu verður ráðið í stöðu upplýsingatæknistjóra í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Hlutverk hans verður meðal annars að fylgjast með og sjá til þess að upplýsingakerfi (heimasíður, tölvu- og netkerfi, skjavarpar og annar búnaður sem tengist upplýsingatækni) Fræðslumiðstöðvarinnar og MÍ séu ávallt virk og veiti góða þjónustu og að rekstur kerfanna sé í samræmi við samninga. Einnig mun hann aðstoða kennara og nemendur við notkun á nýja kerfinu. „Það er ljóst að tæknin ein er ekki lausnin. Það þarf auðvitað að kunna að nota hana og mun upplýsingatæknistjóri aðstoða við það“, segir Jón Reynir.

Við undirskrift samningsins var fyrsta nemendatölvun einnig afhent. Það var nýneminn Hallberg Brynjari Guðmundsson sem tók við henni af Guðjóni Torfa Sigurðssyni, kennara við MÍ.

Sjóstangaveiðibátur strandaði við Óshlíð

Þrír þýskir sjóstangveiðimenn sluppu ómeiddir er bátur þeirra strandaði við Óshlíð á fimmtudag í síðustu viku. Smábáturinn er í eigu ferðabjónustunnar Sumarbyggðar í Súðavík en að sögn mannanna þriggja voru þeir um 100 metra frá landi þegar aðskotahlutur lenti í skrófu bátsins. Við það skemmdist skrófan ásamt drifi bátsins og rak þá því að landi og strönduðu þeir við Óshlíð. Ferðamennirnir voru að vonum skelkaðir eftir óhappið en kíptu sér samt ekki upp við það að stilla sér upp fyrir ljósmyndara blaðsins og brosa.



Hvalárvirkjun gæti skipt sköp-um í orkumálum Vestfirðinga

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði geta skipt algerum sköpum í orkumálum Vestfjarða. Vill hann að í hana verði ráðist sem fyrst ef virkjunaráform standast kröfur umhverfismats. Þetta kom fram á fundi ráðherrans með sveitarstjórn Árneshrepps. Ráðherrann sagði að ástandið hvað varðar orkumál væri algerlega óviðunandi á Vestfjörðum, bilanatiðni væri næstum þrefalt meiri þar en annars staðar á landinu vegna erfiðrar veðráttu og fyrir vikið væri straumleysi á Vestfjörðum meira en fjórum sinnum meira en annars staðar. Þetta skapaði bæði óryggi fyrir almenning og atvinnulíf, yki kostnað og óþægindi, og kæmi í veg fyrir að ýmiss konar nýiðnaður, einsog til dæmis gagnaver, ættu nokkra möguleika á að verða til á Vestfjörðum. „Það er einfaldlega staðreynd, og hvorki stjórnvöldum né orkufyrirtækjum til sóma, að Vestfirðir búa við þriðja flokks raforkukerfi,“ sagði ráðherrann, og kvað mjög skýrt að orði um að hann hygðist beita sér fyrir gjörbreytingu á því.

Össur sagði að tveir kostir væru fyrir hendi. Annars vegar að byggt yrði upp algjörlega nýtt flutningskerfi raforku til Vestfjarða, sem væri tækni-

lega kleift, en mjög dýrt. Hinn kosturinn væri sá að leita eftir virkjanamöguleikum á Vestfjörðum til að framleiða nægt rafmagn fyrir Vestfirði, þannig að þó bilanir yrðu á Vesturlínu færi ekki rafmagn af í þeim bæjum og sveitarfélögum sem hefðu aðgang að vestfirskri orku. Hann kvað það miklu hagkvæmara fyrir ríkið að stuðla að orkuframleiðslu úr Hvalá en ráðast í nýtt flutningskerfi vestur, og það tryggði betur orkuöryggi Vestfjarða. Hvalárvirkjun gæti framleitt fast að 40 megawöttum sem myndi skipta sköpum í þessum málum.

Ráðherrann sagði að ýmsir kostir væru í athugun varðandi öflun orku á Vestfjörðum. Stækkun Mjólkár, afbrigði af Glámuvirikjun, og smærri virkjanakostir sem opnuðust með fyrirhugaðri tengingu Djúpsins við flutningskerfið hefðu verið hjá sér til skoðunar í ráðuneytinu, og síðast en ekki síst Hvalárvirkjun. Hann rifjaði upp að hann hefði einmitt átt þátt í þingsályktunartillögu frá Karli V. Matthíasyni, alþingismanni, um skoðun á kostum Hvalárvirkjunar, sem hefði leitt til þess að Alþingi samþykkti að fela iðnaðarráðherra að gera úttekt á þeim. Sú skýrsla lægi nú fyrir, og væri jákvæð.

„Fyrir í mánuðinum átti ég



Pétur í Ófeigsfirði og Össur ræddu Hvalárvirkjun. Mynd: litlihjalli.it.is.

fundi með forsvarsmönnum Landsnets þar sem rætt var sérstaklega um virkjun Hvalár, og mín niðurstaða er sú, að ef umhverfiskröfum er mætt væri það besti kosturinn til að tryggja orkuöryggi og orkusjálfstæði Vestfjarða,“ sagði Össur. Hann sagði virkjunina kosta á annan tug milljarða, og fagnaði því að nú þegar væru framtakssamir Vestfirðingar að hefja undirbúning að henni. Orka úr henni myndi meira en duga Vestfjörðum í miðað við núverandi þarfir. Það myndi setja þá jafnfætis

öðrum landssvæðum varðandi orkumál, og það fælist einmitt í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að allt landið byggi við sömu gæði í innviðum einsog öryggi raforku. „Þetta mun gjörbreyta möguleikum Vestfirðinga til að fá til sín hluta af hinu nýja atvinnulífi framtíðarinnar, sem krefst meðal annars mikilla gæða í raforku og fjarskiptum,“ sagði Össur. Iðnaðarráðherrann sagði að virkjun Hvalár myndi skipta miklu máli fyrir atvinnulíf í Árneshreppi. Bæði yrði þörf á miklum mannskap meðan á

byggingu hennar stæði, en jafnframt gæfi auga leið, að þegar ráðist yrði í fjárfestingar upp á marga milljarða yrði að bæta vegasamgöngur verulega, til langframa skapaði virkjunin störf í sveitinni, og þörf á aukinni þjónustu. Fleira fólk skyti einnig stoðum undir nauðsynlega þjónustu einsog skóla, verslun og samgöngur. Hann nefndi sérstaklega að virkjunum og dreifingu orku fylgdi háþróað fjarskiptakerfi, og hann taldi einsýnt að það yrði nýtt til að tryggja Árneshreppi í framtíðinni bestu

fjarskiptagæði varðandi síma og internet sem völ væri á. Hér væri því um framkvæmd að ræða sem gæti hleypt algerlega nýju blóði í mannlíf og atvinnulíf Árneshrepps.

Að loknum fundi með sveitarstjórninni hélt ráðherrann ásamt föruneysi út í Ingólfsfjörð, og síðan Ófeigsfjörð. Þar skoðaði Össur Hvalá eftir hafa drukkið te úr vallhumli sem vex í Ófeigsfirði og rætt virkjun Hvalár í þaula við Pétur Guðmundsson en hann á stærstan hluta vatnsréttinda sem tengjast Hvalánni.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Borgarstjórn er afleit liðsheild

Íslenska handboltaliðið stóð sig vel á Ólympíuleikunum í Peking í Kína. Liðið hlaut silfurverðlaun og hefur náð lengst allra okkar liða í keppnisíþróttum. Íslendingar eru og eiga að vera stoltir af frábærri frammistöðu sem komið hefur stórþjóðum í opna skjöldu. Þær vita ekki hvaðan á sig stendur veðrið, skilja ekki að lítið ríki sem Ísland geti átt svo marga afreksmenn í einu liði. Sannast sagna er þetta ein besta útrás Íslands, betri en hjá peningafólkinu og bönkunum sem eiga sennilega einhvern þátt í því hvernig komið er í íslensku efnahagslífi, en áttu líka þátt í uppgangi þess fyrir niðursveifluna. Án nokkurs vafa var það samstillt lið einstaklinga, góð liðsheild sem skilaði þeim glæsilega árangri sem allir hljóta að gleðjast yfir. Í landsliði í handbolta komast menn fyrir eigin verðleika, dugnað og kunnáttu. Borið saman við borgarstjórn Reykjavíkur kemur margt skondið í ljós. Borgarfulltrúar eru valdir í almennum lýðræðislegum kosningum, sem reyndar eru ekki lýðræðislegri en svo, að flokkar og framboð stilla sjálf upp listum sínum, en virðast ekki endilega velja þá sem geta leikið best saman.

Engum dettur í hug orðið liðsheild þegar minnst er á borgarstjórnina. Um er að ræða 15 einstaklinga, sem prófað hafa ýmsar samsetningar til að ná fram starfhæfum meirihluta innan borgarstjórnar, ekki þó einn. Ríkisstjórnarmynstrið hefur ekki verið reynt. Margir gagnrýnendur ríkistjórnarinnar eru þeirrar skoðunar að slíkt eigi alls ekki að reyna. Nóg hafi þegar verið á

borgarbúa lagt. Gallinn við uppstillingu á vegum flokka og framboða er sá, að þar með er ekki lengur um beint lýðræði að ræða. Kjósendur geta ekki valið í liðið þá vænlegustu til trúnaðarstarfa er þeir skulu vinna fyrir íbúa. Við verðum að setta okkur við þakkann sem hver flokkur býður okkur kjósendum. Við getum valið milla pakka, ekki milli fólks.

Undantekning er að halda prófkjör og bjóða liðsmönnum flokka að velja á lista. Prófkjör er sjaldan opið óflokksbundnum. Það er skiljanlegt, því til að fá marktæka niðurstöðu þyrfti að hafa prófkjör allra framboða á sama tíma, svo ekki sé reynt að stýra því hvernig aðrir flokkar en þeir, sem kjóсандinn vill kjósa, raði á lista. Þessi aðferð er ekki gallalaus. Til þess að lið skipað mörgum einstaklingum komist í mark þarf að ná samstöðu, skapa liðsheild. Það er hægt í íþróttum, en virðist illmögulegt í stjórnmálum. Þó afgreiðist langstærstur hluti mála með samstöðu allra borgarfulltrúa og þannig ætti það að vera. Handboltalið hefur þjálfara og við höfum einn góðan núna. Það þarf góðan þjálfara í borgarstjórn og sennilega allar sveitarstjórnir til að skerpa liðsheildina.

Kannski á að fara þýsku leiðina og kjósa borgarstjóra beinni almennri kosningu. Hann vinnur með þeim sem ná kjöri og er eins konar þjálfari liðsins.

Svo einfalt er það.

Tæpir fimm milljarðar í fjármagnstekjur

Fjármagnstekjur á Vestfjörðum á síðasta ári námu 4.929 milljónum króna. Arður af hlutabréfum í eigu einstaklinga á Vestfjörðum á síðasta ári var 488 milljónir króna. Þar af var arður af erlendum hlutabréfum 49 milljónir króna. Vaxtatekjur voru 1.117 milljónir, og þar af 3 milljónir af innistæðum barna, 648 milljónir af innistæðum í bönkum og 466 milljónir af innlendum og erlendum verðbréfum. Leigutekjur námu 97 milljónum. Söluhagnaður var alls 3.277 milljónir króna, og þar af var hagnaður af sölu hlutabréfa 3.083 milljónir króna, en annar söluhagnaður var 144 milljónir króna. Fjármagnstekjur á landinu öllu voru 244.246 milljónir króna, og nema fjármagnstekjur á Vestfjörðum því 2% af heildarfjármagnstekjum. Vestfirðingar eru 2,3% af Íslendingum.



Hvetja ráðherra að hlusta ekki á úrtöluraddir örfárar

Samfylkingarmenn í Ísafjarðarbæ eru ekki sáttir við hugsanlega breytingu á forgangs röðun á vegaframkvæmdum á Vestfjörðum. Eins og greint hefur verið frá hefur Kristján L. Möller, samgönguráðherra, sagt að þrýst væri á hann að fresta gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og flýta í staðinn gangagerð á milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar. Eftirfarandi ályktun var samþykkt í stjórn Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ á föstudag: „Í

ljósi fjölmiðlaumræðu undanfarna daga um samgöngumál á Vestfjörðum vill stjórn Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ árétta mikilvægi þess að ekki verði kvikað frá áætlun um Dýrafjarðargöng enda er samstaða um þá framkvæmd meðal sveitarstjórnarfólks á svæðinu og innan Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stjórnin hvetur ráðherra samgöngumála til að láta úrtöluraddir örfárar aðila ekki hafa áhrif á framkvæmdaröð jarðgangna á svæðinu sem þegar hefur verið

samþykkt í vegaáætlun.“

Brýndís Friðgeirsdóttir formaður Samfylkingarinnar í Ísafjarðarbæ segist hafa rætt samgönguráðherra um málið. „Við hvetjum hann til að hlusta ekki á þá örfáu aðila sem ekki sjá hag Vestfirðinga borgið með því að tengja saman fjórðunginn sem allra fyrst. Nógu lengi hafa Vestfirðingar þurft að liða fyrir. Það er löngu tímabært að fara í þessa framkvæmd sem búið er að fresta aftur og aftur. Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að flýta þess-

um framkvæmdum og því má ekki með nokkru móti breyta. Samgöngur á Vestfjörðum ættu að vera í forgangi hjá þessari ríkisstjórn ekki síst vegna þess að ríkið var að skila 88,6 milljarða tekjuafgangi. Í samdrættinum og krepputalinu sem nú er um rætt er upplagt að auka þensluna á þessu svæði og verja fjármunum til aukinna vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Það skapar atvinnu eykur hagvöxt, dregur úr samdrætti og hefur mikið þjóðhagslegt gildi fyrir land og þjóð.“



325 nemendur eru þegar skráðir á haustönn Menntaskólans á Ísafirði.

39. starfsár Menntaskólans hafið

Menntaskólinn á Ísafirði var settur í 39. sinn í sal skólans á fimmtudag í síðustu viku. Í skýrslu Jóns Reynis Sigurvínssonar, skólameistara, kom fram að 325 nemendur eru skráðir í skólann á haustönn og von væri á fleirum því innritun í dreifnám er ekki lokið. Sérstaka ánægju vakti að allir nemendur sem

útskrifuðust úr grunnskólum á norðurhluta Vestfjarða sóttu um inngöngu í skólann. Aldrei hafa fleiri nemendur verið í verknámi við skólann en í ár en þeim hefur fjölgað mikið síðustu tvö árin. Jón Reynir sagði að aukna aðsókn megi þakka frábærum kennurum og stöðuleika í hópnum ásamt metnaðarfullri uppbyggingu

og skipulagningu á allri aðstöðu til verknáms.

Skólameistari sagði einnig að öllum grunnskólanemendum hefði verið boðið upp á val í verknámsgreinum við menntaskólann, þ.e. tréið, hárið, snyrtigreinum, málm-smíði og áfanga sem kallast vélar og rafmagn. Um 70 nemendur þáðu þetta boð og

hefst kennsla í þessum greinum í næstu viku. Í rannsókn á högum barna og ungmenna sem menntamálaráðuneytið stóð fyrir á síðasta ári kom fram að grunnskólanemar vilja hafa meira val í verknámi. Jón Reynir sagði það von stjórnenda skólans að þessi þátttaka muni glæða áhuga þeirra á verknámsgreinum.

Velja fyrirtæki mánaðarins

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur ákveðið að tilnefna eitt fyrirtæki í hverjum mánuði sem fyrirtæki mánaðarins og veita því sérstaka viðurkenningu. Þetta er gert í þeim tilgangi að hrósa þeim fyrirtækjum sem eru að vinna að verðmætasköpun og hvetja þau og önnur fyrirtæki til frek-

ari árangurs. Eins er þetta gert til að sýna fram á þá miklu grósku og þekkingu sem býr í einstaklingum og fyrirtækjum á Vestfjörðum. ATVEST óskar eftir ábendingum frá lesendum og biður þá að senda póst á netfangið greta@atvest.is eða hringja í 450-3000 og koma sinni

tilnefningu á framfæri. „Við biðjum lesendur einnig að tilnefna helstu ástæðu fyrir tilnefningunni. Fyrsta tilnefningin verður fyrir ágúst mánuð og er kynnt í byrjun septem-ber. Það er því um að gera að hafa samband sem fyrst, segir í frétt frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Það fyrirtæki sem verður tilnefnt hverju sinni, fær svo sérstaka umfjöllun á vef ATVEST og í fjölmiðlum. „Við vonum að lesendur taki þessu vel og sýni áhuga sinn og samstöðu í því að benda á sterk, framsækin og flott vestfirsk fyrirtæki. Öflugt atvinnulíf er hagur okkar allra.“

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

Nýleg og mjög rúmgóð þrígga herbergja íbúð á neðri hæð í fjórbylishúsi með sérinnangi. Íbúðin er á neðri hæð til vinstri, auðkennd sem íbúð 0103.

16.500.000,-

142,5 m² einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum, klætt með bárujám, ásamt 266 m² eignarlóð. Húsið var endurbýgt í kringum 1995.

21.400.000,-

140 m² einbýlishús úr timbri ásamt 40 m² steinsteyptum bílskúr. Uppgert baðherbergi, fjögur svefnherbergi.

22.900.000,-

Uppgert timburhús við miðbæinn, tvær íbúðir og bílskúr samtals 267 m². Einnig er verslun, verkstæði og bílskúr til sölu, samtals 200,5 m².

Tilboð óskast

77,9 m² tveggja herbergja íbúð á 2. hæð fyrir miðju í fjölbylishúsi, byggðu 1985 úr steinsteypu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð. Eldhús og baðherbergi nýlega uppgerð.

9.900.000,-

Fjögurra til fimm herbergja íbúð á tveimur hæðum í þrilylishúsi, samtals 102 m². Íbúðin er á 2. hæð til vinstri.

16.500.000,-

Einbýlishús úr timbri 160,9 m² með áföstum 32,5 m² bílskúr, samtals 193,4 m². Fjögur svefnherbergi.

6.800.000,-

93,5 m² þrígga herbergja risíbúð á 4. hæð fjölbylishúsi í miðbæ Ísafjarðar. Ný eldhúsinnrétting.

12.900.000,-

190 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Sex svefnherbergi, húsið var mikið endurnýjað í kringum 1995.

20.900.000,-

Tveggja herbergja íbúð á jarðhæð í fjórbylishúsi, samtals um 67,8 m². Sameiginlegur inngangur á jarðhæð.

6.500.000,-

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar

Atvinna

Óskum eftir bifvélavirkja eða manni vönum bifvélaviðgerðum. Gott vinnuumhverfi og framtíðarstarf. Erum þjónustuaðilar fyrir Toyota og Suzuki. Gerum einnig við allar aðrar tegundir bifreiða.

Nánari upplýsingar í síma 456 4580 og 863 3800.

Bílatangi ehf., Ísafirði.

Velheppnuð sjávarútvegsmótaröð í golfi

Mótaröð vestfirsku sjávarútvegsfyrirtækjanna í golfi lauk á Tungudalsvelli fyrir stuttu. Um er að ræða árlega keppni sem styrkt er af fyrirtækjunum Íslandssögu hf., og Klofningu ehf., á Suðureyri, Odda hf., á Patreksfirði, Þórsbergi á Tálknafirði, Bakkavík og Jakobi Valgeir ehf., í Bolungarvík og Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf., í Hnífsdal. Spilað var á fimm golfvöllum í fjórðungnum og var við útreikning á stigum litið til fimm bestu úrslita hvers kylfings í mótinum sjö. Alls tóku 545 kylfingar þátt í mótunum sjö eða 78 að meðaltali í hverju móti. Meðalskor án forgjafar var 96,54 og 80,60 með forgjöf. Meðal höggafjöldi á holu án forgjafar var 5,36 og 4,48 með forgjöf. Forgjöf meðalkylfings í mótinu var 15,87.

Í karlaflokki án forgjafar sigraði Rögnvaldur Magnússon (GBO) með 642,42 stig. Annar varð Chatchai Phothiya (GBO) með 477,24 stig og í þriðja sæti varð Magnús Gautur Gíslason (GÍ) með 326,72 stig. Í karlaflokki með forgjöf sigraði Jakob Ólafur Tryggvason (GÍ) með 361,84 stig, annar varð Arnar Smári Ragnarsson (GBO) með 336,28

stig og þriðji varð Óðinn Gestsson (GÍ) með 281,11 stig.

Í öldungaflokki án forgjafar sigraði Tryggvi Guðmundsson (GÍ) með 666,7 stig, annar varð Tryggvi Sigtryggsson (GÍ) með 529,3 stig og þriðji varð Óli Reynir Ingimarsson (GÍ) með 314,1 stig. Í öldungaflokki með forgjöf sigraði Vilhjálmur Antonsson (GÍ) með 580,0 stig, annar varð Finnur Magnússon (GÍ) með 359,3 stig og þriðji varð Sigurður Ólafsson (GÍ) með 355,2 stig.

Í unglingaflokki án forgjafar sigraði Anton Helgi Guðjónsson (GÍ) með 833,35 stig, annar varð Nikulás Jónsson (GBO) með 531,3 stig og þriðji varð Daði Arnarsson (GBO) með 134,8 stig. Í unglingaflokki með forgjöf sigraði Óli Rafn Kristinsson (GÍ) með 625,21 stig, annar varð Daniel Ari Jónsson (GBO) með 475,74 stig og þriðji varð Gauti Geirsson (GÍ) með 50,0 stig.

Í kvennaflokki án forgjafar sigraði Brynja Haraldsdóttir (GP) með 642,42 stig, önnur varð Björg Sæmundsdóttir (GP) með 397,42 stig og þriðja varð Sólveig Pálsdóttir (GÍ) með 275,37 stig. Í kvenna-



Rögnvaldur Magnússon, Golfklúbbi Bolungarvíkur, sigraði án forgjafar.

flokki með forgjöf sigraði Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) með 383,34 stig, önnur varð Bjarney Guðmun-

dsdóttir (GÍ) með 327,78 stig og þriðja varð Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir (GÍ) með 225,2 stig.

Sigurvegari hvers flokks fékk að launum golfferðavinning að verðmæti 60.000 krónur. Í önnur verðlaun var flug-

ferð innanlands fyrir krónur 20.000.- og fyrir þriðja sætið var vinningurinn vöruúttekt að verðmæti 10.000 krónur.

Ísfirskur handbolti að vakna til lífsins

Svo virðist vera sem handboltastarf á Ísafirði sé að taka við sér eftir doða síðustu ár. Í haust munu Ísfirðingar í fyrsta skipti í þó nokkur ár eiga fulltrúa í deildarkeppni í handbolta en handknattleiksdeild Harðar hefur skráð lið til leiks í 3. flokk karla. Í flokknum keppa piltar á aldrinum 16 til 17 ára en nokkrir yngri æfa þó einnig með liðinu, alls 18 strákar. „Þetta eru öflugir strákar“, segir Hermann Nielsson, formaður Harðar, „Við erum með 18 stráka sem eru að æfa og

þar af eru átta til tíu strákar sem eru að fara á afreksbraut í íþróttum í Menntaskólanum á Ísafirði“.

Steinþór Gunnarsson verði ráðinn hjálafari 3. flokks en hann spilaði á sínum tíma með liði Aftureldingar í Mosfellsbæ. Handboltaunnendum getur því farið að hlakka til. „Það eru þó nokkur ár síðan boðið var upp á deildarleik í handbolta á Ísafirði en það verða að minnsta kosti tíu leikir í vetur á Ísafirði sem heimamenn eiga kost á að sjá“, segir Hermann. – nonni@bb.is

Hreinsunarátak í Súðavík

Undanfarin vor hefur Súðavíkurreppur leitast við í samstarfi við rekstraraðila og annarra að fjarlægja dót, búnað, vélar og ýmist drasl, sem hefur átt það til að daga uppi á ólíklegustu stöðum í Súðavík og nágrenni. Hvað verst hefur

ástandið verið á Langeyri og umhverfis hafnaraðstöðu Súðavíkur. Þrátt fyrir vinsamleg tilmæli hafa ekki allir brugðist vel við og á sumum stöðum hefur drasl frekar aukist en minnkað. Súðavíkurreppur hefur því ákveðið að gefa

þessum aðilum frest til 1. september nk., að fjarlægja eigur sínar. Að öðrum kosti verða svæðin hreinsuð á kostnað eiganda. Þeir sem þurfa geymslu svæði, geta nýtt sér geymslu svæði Súðavíkurrepps, sem

staðsett er ofan Árness. Leyflegt er að setja brotajárn í brotajárns-gám á gámasvæði eða á skammtíma söfnunarstað utan til við Njarðarbraut án kostnaðar, en þaðan verður það fjarlægð í byrjun september.

Athugasemd vegna tölvuleigu MÍ

Netheimar ehf. hafa óskað eftir að eftirfarandi komi fram vegna fréttaflutnings á fréttavef BB undanfarna daga og í tilefni þess að nýr samkeppnisaðili er kominn fram á sviði tölvusölu hér á Ísafirði. „Af ofangreindum fréttum má ráða að forsvarsmenn MÍ hafi ráðlagt nemendum að biða með ákvörðun um fartölvukaup þar til fyrir lægi niðurstaða útboðs á vegum skólans og einnig viðrað þær hugmyndir að greiða nemendum sem ættu þegar fartölvur leigu fyrir afnot (?) en síðar var fallið frá þeirri hugmynd. Eftir að niðurstaða útboðs liggur fyrir þá kemur í ljós að hún er svo hagstæð að forsvarsmenn MÍ telja það skyldu sína að niðurgreiða fartölvur fyrir þá

nemendur sína sem ekki hafa þegar fjárfest í fartölvum. Hér skal ekki dregið í efa að hugsunin að baki þessu brótti forsvarsmanna skólans er einlæg þó draga meg í efa að allar hliðar málsins og afleiðingar hafi verið skoðaðar. Hér eru sjónarmið jafnræðis nemenda ásamt samkeppnis-sjónarmiðum sem vega þungt að okkar mati enda hvergi að finna í lögum um framhaldsskóla ákvæði um að þær stofnanir eigi að vera virkar á samkeppnismarkaði smásölu. Að okkar mati hefur MÍ á einkar klaufalegan hátt, blandað sér inn í eðlilegt samkeppnisumhverfi og með því lagt sinn skerf til þess að skekkja enn frekar þann markað. Hvar hyggst MÍ bera niður næst ?

Gera samning við t.d. Office 1 um niðurgreiddar námsbækur og ritföng svo einn af fjölmörgum möguleikum sé nefndur. Í kynningu MÍ undanfarna daga hefur hvergi komið fram að ætlun skólastjórnenda sé að efla kennslu í tölvufræðum eða upplýsingatækni. Er það afar sérkennilegt, sérstaklega í ljósi þess að skólinn hefur alla tíð lagt litla áherslu á þau fræði og verið aftarlega á merinni í samanburði við aðra skóla. Eðlilegt mætti telja að jafnhliða tugmilljóna króna fjárfestingu í tölvubúnaði hefði verið lögð fram kynning á metnaðarfullri og stórefldri tölvufræðslu við skólann. Það er afar mikill misskilningur hjá stjórnendum skólans að

hægt sé að kaupa sig frá frumskyldu þeirra – að halda úti öflugum og framsæknu fræðslustarfi – með tækjakaupum og hástemmdum og slagorðakennndum yfirlýsingum. Þrátt fyrir þessa óvæntu samkeppni, niðurgreidda af opinberu fê, munu Netheimar eftir sem áður bjóða eins fjölbreytt úrval fartölva og kostur er þrátt fyrir tilburði til innleiðingar „ríkisfartölvunar“ (MíOk-tölvu) og minna á að grátt er ekki einn aflitum regnbogans!“ Allir nemendur MÍ, sem og nemendur í öðrum skólum og Vestfirðingar allir, eru boðnir velkomnir í verslun Netheima á Ísafirði til að kynna sér fjölda-an allan af fartölvutilboðum sem í boði eru þessa dagana.“

Saladmaster eigendur athugið!

Haldið verður matreiðslunámskeið á Ísafirði laugardaginn 30. ágúst kl. 11:00 í Kiwanishúsinu á Skeiði. Einnig verður matreiðslunámskeið í fundarsal Félagsheimilisins á Patreksfirði, þriðjudaginn 2. september kl. 18:30.

Allir Saladmaster eigendur eru velkomnir, en skráning fer fram á netfanginu eldamennska@eldamennska.is, í síma 555 0350 frá kl. 0-15 og einnig hjá Elínu í síma 899 8184.

Nánari upplýsingar fást á eldamennska.is.

Styrkja glímudeild Harðar

Landsbankinn og glímudeild Harðar á Ísafirði hafa undirritað samstarfssamning þar sem bankinn tekur að sér að styrkja metnaðarfullt starf glímudeildarinnar sem hefur

verið í mikilli sókn á síðustu misserum og fór meðal annars á fyrsta heimsmeistaramótið í íslenskri glímu sem var haldið í Hróarskeldu í Danmörku á dögunum. 24 manna hópur fór

á leikana, en einnig var ferðin nýtt til að sýna og kynna íþróttina fyrir Dönum. Vestfirðingar komu ekki tómhentir heim af heimsmeistarakeppniinni, en Harðarmenn náldu

sér í tvö bronsverðlaun á leikunum. Að sögn Ingu Á. Karlsdóttur, útibússtjóra Landsbankans á Ísafirði er það ánægja fyrir bankann að styrkja starf sem þetta þar sem



Samningurinn handsalaður. Frá vinstri: Rúnar Þór Brynjólfsson, Inga Á. Karlsdóttir og Hermann Nielsson.

ungt fólk er í fyrirrúmi. „Það er í raun aðdáunarvert hve mikill árangur hefur náðst í glímuíþróttinni á svæðinu á svo stuttum tíma. Á örfáum árum hefur náðst að skapa hóp glímukrakka sem eru að standa sig ótrúlega vel miðað við hve lengi þeir hafa verið að æfa. Árangur Harðar á síðustu árum, með Hermann Nielsson í fararbroddi, er eitthvað sem Ísafjörður má vera stoltur af og það er okkur mikil ánægja

að styrkja félagið“, segir Inga. Viðstaddir undirritunina fyrir hönd Harðar voru Hermann Nielsson, formaður Harðar og þjálfari glímudeildarinnar, og Rúnar Þór Brynjólfsson, formaður glímudeildar og gjaldkeri Harðar. Í tilefni samningsins var boðið upp á hressingu í húsnæði bankans við Hafnarstræti og virtust glímukappar Harðar kunna vel að meta það.

– nonni@bb.is



Glímukappar Harðar eru nýkomnir heim af fyrsta heimsmeistaramóti í glímu sem fram fór í Danmörku.

Góð laxveiði í ám Ísa-fjarðardjúpi

Veiði í laxveiðiám í Ísa-fjarðardjúpi hefur verið mjög góð í sumar þrátt fyrir þurrkatíð. Kristján Steindórsson, veiðivörður í Langadalsá, segir veiði hafa verið góða í ánni. „Það hafa veiðst 227 laxar í ánni í sumar og vantar þá aðeins örfáa upp í veiði síðasta sumars. Þá veiddust 231 lax en tímabilinu lýkur ekki fyrr en 20. september, þetta getur því alveg endað í 300 löxum“, segir Kristján. „Það er í raun ótrúlegt hve vel veiðist miðað við aðstæður. Það hefur sama og ekkert rignt í sumar og það er farið að sjá á ánni en allir skaflar eru horfnir úr fjöllum. Mönnum hefur gengið vel að landa fisk í sumar og ég held að enginn hafi farið laxlaus hédan“.

Sannkölluð mokveiði hefur verið í Laugardalsá og löngu búið er að ná þeim fjölda laxa sem veiddust þar síðasta sumar að sögn Sigurjóns Samúelssonar, veiðivarðar í Laugardalsá. „Það hafa veiðst 353 laxar í ánni í sumar sem er þegar um 110 löxum fleiri en veiddust í fyrra, það er því engin ástæða til að kvarta hér“, segir Sigurjón. Veiðitímabilinu lýkur 1. september þannig að það er ljóst að enn á eitthvað eftir að bætast við töluna. Ekki virðist vatnsleysi hrjá laxveiðimenn í Laugardalsá. „Það var aðallega vestanátt hérna í vetur sem gerir það að verkum að það snjóaði mikið á hálendinu. Það er því nóg af vatni í ánni og það eru ekki allir skaflar farnir enn“, segir Sigurjón. – nonni@bb.is

LEGSTEINAR - ÍSLENSK SÉRSMÍÐI

Blágrýti
grágrýti
gabbbró
líparít
granít
marmari
- allt eftir
þínum óskum



Legsteinar úr íslensku grágrýti, blágrýti, gabbbró, líparíti
- einnig úr graníti eða marmara. Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar,
styttur og margt fleira. Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband við verslun okkar og fáðu bækling sendan heim.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kópavogur sími 557 6677 www.shelgason.is

Mannlífið

Smáauglýsingar

Til leigu er 4ra herb. íbúð í Pólgötu 4 á Ísafirði. Er á besta stað í bænum. Uppl. gefur Kristbjörg í síma 693 7723.

Óska eftir 4ra herb. íbúð til leigu eða kaups á Ísafirði, helst á eyrinni. Erum með tvö börn, 11 og 13 ára. Erum kennarar á Ísafirði. Uppl. gefur Egill í síma 659 4888.

Til sölu er rosafín bjalla árg. 73. Appelsínugul. Verð kr. 200 þús. Áhugasamir hafi samband við Atla í síma 869 8992.

Til sölu er lítið notuð, 3ja ára, þvottavél með innbyggðum þurrkara. Á sama stað óskast uppþvottavél til kaups. Uppl. í síma 892 1688.

Til leigu er 200m², sjö herbergja einbýlishús á besta stað í Hnífsdal. Sanngjörn leiga. Leigutími óákveðinn. Upplýsingar í síma 841 1813.

Til sölu er kerruvagn. Burðarúm og allir aukahlutir fylgja með. Selst ódyrt. Einnig er til sölu nýlegt sófasett á kr. 60 þús. Uppl. gefur Dóra Maggí í síma 867 6810 og 587 5079.

Óska eftir tilboðum í að endurnýja 63m² þak sem fyrst. Uppl. í síma 865 1106.

Til sölu er VW Polo árg. 2002. Sumar- og vetrardekk fylgja. Uppl. í síma 899 1852.

Til leigu er 106m² einbýlishús í Hnífsdal. Laust 1. október. Uppl. í síma 857 9889 og 849 4476.

Til sölu er borðstofuborð og sex stólar, borðstofuskápur og sófasett 3+2+1 og fleira. Uppl. í síma 863 5002.

Brjóstnæla úr silfri fannst á árs-hátíð Félags aldraðra sem fram fór að Núpi um síðustu helgi. Uppl. í síma 456 3718.

Óska eftir að kaupa einbýlishús í Holtahverfi. Uppl. gefur Jón Páll í síma 899 4311.

Afmæli



Í tilefni 50 ára afmælis tekur Ragnheiður Ásta Sveinbjörnsdóttir á móti gestum laugardaginn 30. ágúst kl. 15:00 á Hótel Ísafirði.

Spurning vikunnar

Ertu ánægð(ur) með árangur Alsýnar í sköpun starfa í Ísafjarðarbæ?
Alls svöruðu 843.
Já sögðu 325 eða 38%
Nei sögðu 518 eða 62%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Í gegnum súrt, sætt og svívirðilegt

Hve vel treystum við því sem við munum? Hefur einhver rétt á sannleika fortíðarinnar? Og af hverju, þegar við hugsum til baka, er alltaf rigning... eða snjór?

Þessara spurninga er spurt utan á leikskrá fyrir leikritið *Vini*, eftir Simon Birgisson, sem sýnt var í Edinborgarhúsinu fyrir skemmstu. Leikritið fjallar um vinina Sigurð, Viðar og Mariu, sem gengu saman í menntaskóla og sitja nú þrjú hlið við hlið á sófa og drekka sig full á meðan þau fjargviðrast ýmist yfir fortíðinni eða minnst hennar værdarfullt. Raunar eru rammarnir nokkrir, og stundum eins og þau þekkist vart ekki – stöku sinnum verða þau aðrir karakterar og skipta jafnvel um hlutverk. Rauði söguþráðurinn er þó þessi:

Sigurður og Viðar eru æskuvinir – þeir smíðuðu sér sverð sem börn og léku lokaorrustuna í Útlaganum („Gísla Súrsyni“). Sigurður meig einu sinni í sig heima hjá Viðari og mamma Viðars þurfti að þrifa það upp eftir hann. Og Viðar þagði yfir því langt fram á unglingsár. Sigurður átti lengst af enga vini, en skömmu eftir að pabbi hans fær taugaáfall eftir að hafa „miss“ sjúkling á skurðarborðinu, og stingur af frá fjölskyldunni, kynnist hann Viðari. Og Viðar verður vinur hans.

Kynlíf á kantinum

Löngu síðar lenda þeir í bekk með Mariu. Sigurður verður strax svo skotinn í Mariu að hann á bágt með mál, og er mátulega stráð um leikritið stuttum senum þar sem hann verður væminn og lýsir sínu menntaskólaskoti starandi viðkvæmnislega út í loftið. Viðar skilur ekki væmni vinar síns og finnst hann einfaldlega lúðalegur fyrir að þora ekki að bjóða Mariu út fyrr en hann hefur eytt ári í að manna sig til verksins. Mariu þykir fjarska vænt um Sigurð og þiggur boð hans í bíó, en geldur honum ekki ástarhuginn. Að kvikmyndasýningunni lokinni stingur Sigurður upp á því að þau fari saman heim – í þeirri von að hann fái nú að skaka af sér sveindóminn – en María tekur ekki vel í það. Þá stingur hann upp á því að þau fari til Viðars að horfa á vídeó og verður það úr. Í sem stystu máli sofnar Sigurður á sófanum á meðan María og Viðar dragast saman. Þegar Sigurður vaknar hefur



hann migið í sófann og getur ekki staðið upp án þess að eftir því verði tekið. María og Viðar halda að Sigurður sé sofandi – eða vita ekki hvort hann er vakandi eða sofandi og láta sér það í léttu rúmi liggja þegar hinar erótísku þrjár hafa gagntekið þau – og stunda kynlíf á sófanum. Með Sigurð við hliðina á sér, hlustandi.

Frá öllu þessu – og raunar miklu fleiru – er sagt í þriggja manna sófapartíi einhverjum árum seinna, þegar þau eru öll orðin handónýtt. Sigurður er heltekinn af fortíðinni; sambandi sínu við mömmu sína og pabba, Mariu og Viðar – Viðar er einhvers konar misheppnaður kaupsýsluaki – og María virðist fyrst og síðast vera gift manni sem sefur ekki hjá henni lengur og veit kannski ekki „hvað hún vill“, eins og heitir. Flakkað er um í óræðum tíma og óræðu rúmi, sem þjónar þeim tilgangi ágætlega að tjá óreiðu minninganna og endurteknar senur sýna hvernig fólk túlkar sömu atburðina á ólíkan hátt, auk þess sem persónur takast á um smáatriði fortíðarinnar á sviðinu sjálfu.

Hin óþægilega nánd

Þetta er leikhús brútalítetsins og minnir um margt á rússíbanareíð, eða þegar börn eru „tekin í þyrllu“ – þeim lyft upp og sveiflað í hringi á handleggjunum. Það er ekki sérlega flókið trix, en það slær mann

Helmingur skulda tilkominn vegna íbúðakaupa

Skuldir Vestfirðinga eru að helmingi til komnar vegna íbúðakaupa. Þetta kemur fram í skýrslu ríkisskattstjóra um helstu eignir og skuldir einstaklinga. Alls eru skuldir Vestfirðinga 18.838 milljónir króna, og þar af eru 9.044 milljónir til komnar vegna íbúðakaupa. Það gerir 48% af heildarskuldum. Til samanburðar má nefna að á landinu öllu eru skuldir vegna íbúðakaupa ríflega 62% af heildarskuldum. Ef einungis er horft til höfuðborgarsvæðisins eru skuldir vegna íbúðakaupa tæplega 62% af heildarskuldum. Hvergi á landinu er hlutfall íbúðaskulda af heildarskuldum lægra en á Vestfirðum.

og skilur mann eftir ringlaðan. Það er jafnan mikil nálægð í leikhúsi – persónurnar eru af holdi og blóði og þar liggur einhver mesti styrkur þess. Í *Vinum* er nálægðin óvenju mikil – á einum stað treður Viðar sér í sæti á milli áhorfenda, á öðrum þrífur Sigurður leikskrá af áhorfanda á fyrsta bekk (þegar hann rífst við Viðar um hvor er hvor), og skömmu eftir miðja sýningu er sófinn sem ber þau megnið af leikritinu færður alveg fram að fyrsta bekk svo leikararnir eru komnir langleiðina inn á það rými sem yfirleitt tilheyrir áhorfendum. Sögufnið og framsætning þess eru síðan einkaleg – einhver myndi segja „tilfinningaklám“ án þess að vera alveg úti á þekju þó það sé um margt ónákvæmt og klisjukennt hugtak – og nálægðinni var sjálfsagt ekki ætlað annað en að vera óþægileg. Annars vegar var það taugaveikluð væmni ókunnugs fólks sem skyndilega var komið ofan í andlitið á manni – án þess maður hefði eðlilega sviðsfjarlægð sér til verndar, og hvað þá heilan sjónvarps-skjá – og hins vegar brútal senur þar sem fólk slæst og misþyrmir hvert öðru. Óþægilegust verður nálægðin í nauðgunarsenu sem á sér stað svo nærri áhorfendum á fremsta bekk, að undirritaður hefði getað teygst sig í bæði fórnarlamb og geranda án þess einu sinni að halla sér fram.

Vinir er um margt ágætlega

skrifað leikrit – og sem fyrsta verk höfundar er það góðs vísir – þó það gjaldi fyrir dálítið stefnuleysi sem smurt er yfir með skipulögðu kaosi. Það var undirrituðum alls ekki ljóst hvað leikritið átti að fyrirstillja, hver meiningin með allri þessari hysteríu væri. Engu að síður var þar varpað fram hugsunum sem áhorfendur gátu sem best spunnið úr sjálfir síðar. Og er þá a.m.k. nokkru marki náð. Ég er ekki endilega viss um að besta leiðin til að rækta samúð áhorfenda og samliðan með hörmum annarra sé að drekkja þeim í móðursýki og fleygja hinum ónýtu í fang þeirra – en það segir okkur kannski eitthvað um samtímann að þess þurfi. Leikskáldið, Simon Birgisson, er fyrrverandi blaðamaður á DV og því vel kunnugur stilbrögðum hins ofsafengda og ýkta – þó *Vinir* sé fyrsta verk hans á sviði er hann þrautreyndur í þeirri list sem kennd er við „sensationalisma“, og kann hana vel. Helst má finna að því að æsingurinn hafi ekki alveg verið í samflútti við tiltölulega lítilvægt umfjöllunarefni – og í versta falli mætti segja að úr hafi orðið full mikið meló-drama, en það er auðvitað smekksatriði.

Kraftmikill leikhópur

Gildishlaðinn texti eins og sá sem Simon skrifar hvílir

hins vegar að miklu leyti á leikhópnum – verri leikhópur hefði augljóslega getað gert úr þessu hreina katastrofu.

Leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar er fírna sterk. Þorleifur hefur leikstýrt mörgum góðum sýningum á síðustu árum, auk þess sem hann hefur verið óragur við að tjá sig um list sína og hvaða markmiðum hann telur að hún eigi að þjóna. Hann veit einfaldlega upp á hár hvað hann er að gera, og líklega óþarfi að hafa um það fleiri orð í þetta sinnið.

Leikararnir þrír – Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Walter Geir Grímsson og Vignir Rafn Valþórsson – voru átakanleg í öllum sínum hysteríuköstum og innilegheitum, og eiga allt hól mitt skilið fyrir fyrirtaks frammistöðu. Búningar Judithar Amalíu Jóhannsdóttur, og sviðsmynd Hlyn Páls Pálssonar voru sömuleiðis öllum til sóma – lýsing þess síðarnefnda hefði mátt vera hnitmiðaðri, en þar sem sýningin var á ferðalagi og nauðsynlegt að bregðast við nýju húsi á hverju kvöldi er að fullu skiljanlegt að hún hafi ekki verið upp á tíu.

Í það heila tekið var verkið vel áhorfsins virði – sem er ekki endilega jafn sjálfsagt og það hljómar – og þau í leikhópnum sem hafa ekki þegar sannað sig að fullu eiga tiltölulega vafalítið eftir að gera það á næstu árum.

– eirikur@bb.is

Skattskyldar tekjur ríflega 20 milljarðar

Skattskyldar tekjur á Vestfjörðum á síðasta ári námu samtals 20.374 milljónum króna. Þar voru laun 12.568 milljónir króna. 131 milljón var greidd út í ökutækjastyrk og 149 milljónir í dagpeninga. Reiknað endurgjald var 436 milljónir króna. Bifreiðahlunnindi voru 27 milljónir, og í reitinn „önnur hlunnindi“ í skjölum ríkisskattstjóra, falla 14 milljónir króna. Greiðslur frá Tryggingastofnun námu 968 milljónum króna og greiðslur úr lífeyrissjóðum 946 milljónum. „Aðrar tekjur“ töldu 51 milljón króna. 8 milljónir króna voru greiddar út í félagslega aðstoð og styrki, 34 milljónir í atvinnuleysisbætur, 14 milljónir í styrki vegna náms og vísindastarfa og tekjur erlendis frá námu einni milljón.



Ákafari stuðningsmann íslenska landsliðsins í handbolta en Herdís er erfitt að finna.

Aðdáandi númer 1 missir ekki af neinu

Það var þéttsetið í setustofu öldrunardeildar sjúkrahússins á Ísafirði þegar leikur Íslands og Spánar í undanúrslitum Ólympíuleikana hófst á föstudag. Heldri borgarar Ísafjarðar styðja strákana í Peking ekki síður en aðrir en þar var þó fremst í flokki hin tæplega aldargamla Herdís Albertsdóttir, en ákafari stuðningsmann íslenska landsliðsins í handbolta er varla hægt að finna. Hún situr sem límd við skjáinn og lætur það ekki á sig fá að sjónin og heyrnineru ekki eins og þau voru. Aðspurð segist hún hafa mikinn áhuga á handbolta. „Það byrjaði nú svoléiðis að fyrir mörgum árum voru þrír leikmenn liðsins ættaðir úr Djúpinu, þannig að ég sagðist alltaf eiga þrjá. Ég sagði þetta einu sinni við Þorbjörn Jensson, þáverandi landsliðsþjálfara, sem sagðist ekki vita til þess. Jú, sagði ég, þarna eru til dæmis Kristján Lárusson, ættaðan úr Ögri, og Guðmund Guðmundsson sem einnig var úr Djúpinu“, segir Herdís.

Herdís hefur fulla trú á sínum mönnum. „Ég vona að þeir taki Spánverjana. Fyrst þeir sigruðu Þjóðverjana eru þeir til alls líklegir, þeir geta þetta alveg. Ég veit ekki hvort liðið

núna eða liðið frá 1992 sé betra, þessir eru auðvitað svo ungir. Þarna eru samt tveir sem maður kannast vel við, þeir Ólafur (Stefánsson) og Fúsi“, segi Herdís og hlær, „Hann Fúsi... hann er alveg ótrúlegur“. Herdís lét sig ekki vanta á landsleik Íslands og Japans sem fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi um miðjan síðasta áratug. Þar hitti hún nokkra af leikmönnum Íslands. „Þetta voru almenni-

legustu piltar. Það var nú sagt um landsliðið í handbolta árið 1986 að þetta væru prúðustu menn sem væru að spila handbolta, Íslendingar. Það las ég í blaði sem ég fékk frá Þýskalandi“, segir Herdís. Blaðamaður fær leyfi til að horfa á fyrri hálfleik með Herdís eftir að hann lofar að trufla hana ekki á meðan leik stendur. Þegar dómariinn býr sig undir að flauta til leiks ákveður blaðamaður að draga sig í hlé

enda dirfist hann ekki að trufla Herdís á svo mikilvægri stundu. Einu samskipti milli Herdísar og blaðamanns á meðan leik stendur, fyrir utan hvatningarorð til strákana, er spurning frá Herdís. Einn leikmaður Íslands brýtur hressilega á leikmanni Spánar og hún spyr hvað sé að gerast. „Íslendingurinn fékk tvær mínútur þetta brot“, svarar blaðamaður. „Já, það er flott“, svarar Herdís, „Gott hjá honum“.



Dís á Bökkunum í eldhúsinu heima.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Gengur í austan 8-13 m/s með rigningu, fyrst sunnantil. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir austan eða norðaustanátt með rigningu víða um land. Heldur kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir austan eða norðaustanátt með rigningu víða um land. Heldur kólnandi veður.



Sælkerar vikunnar eru Málfríður Sigrúnardóttir og Ebeneser Agnarsson á Ísafirði

Doritos kjúklingur og bananabrauð

Sælkerar vikunnar bjóða upp á dýrindis Doritos kjúklingarétt sem ætti ekki að svíkja neinn sem hrifst af suður-amerískri matargerð. Málfríður mælir með að bera réttinn fram með hrisgrjón, salat og svo sé ómissandi að hafa sýrðan rjóma og jafnvel quacamole. Einnig bjóða sælkerarnir upp á uppskrift að bananabrauði sem er einfalt og ljúffengt.

Doritos kjúklingur
4 kjúklingabringur
Ostasósa (mexíkönsk)
Salsa sósa
Ostur
1 poki Doritos snakk

Doritos snakk (mulið) er sett í botn á eldföstu móti. Ostasósan þar ofaná og síðan Salsa sósan. Síðan eru steiktar kjúklingabringurnar settar þar ofaná og síðan ostur. Sett inn í ofn í 15-20 mín á ca 200 C.

Meðlæti:

Bananabrauð
100 g smjör
1 bolli sykurl
2 bollar hveiti
2 stk egg
1 tsk matarsóða
3 dökkir bananar
Öllu hrært saman og bakað neðst í ofni við 175° í 80 mín.

Við skorum á Ólafíu Sif Magnúsdóttur og Magnús Heimisson á Ísafirði að verða næstu sælkerar vikunnar.



Hjólhýsi til sölu

Til sölu er Enka Caravan hjólhýsi árg. 2005. Mjög lítið notað. Gott verð, kr. 950 þúsund.

Upplýsingar gefur Ragnar í síma 892 0660.



3,4 í vestfirskri meðalfjölskyldu

Meðalfjölskyldan á Vestfjörðum inniheldur 3,4 meðlimi, og hefur hún stækkað úr tæplega 3,2 meðlimum fyrir tíu árum. 3,4 meðlimir eru í íslenskri meðalfjölskyldu. 1053 börn búa hjá giftum forráðamönnum á Vestfjörðum, en þau pör eru 560 talsins, og gerir það 1,9 börn á hverja gifta forráðamenn. Fyrir tíu árum voru það ríflega 2 börn á hverja gifta forráðamenn. Hjón án barna eru 680 á Vestfjörðum. 383 börn búa hjá 207 pörum í óvígðri sambúð, og gerir það 1,85 barn á fjölskyldu. 28 börn búa hjá 21 einstæðum föður, eða 1,33 börn á hvern föður. 280 börn búa hjá 179 einstæðum mæðrum, og gerir það 1,56 börn á hverja móður.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn



Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík verða sameinaðar frá byrjun næsta árs.

Heilbrigðisstofnanir sameinaðar

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ og Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík verða sameinaðar frá 1. janúar 2009 undir nafninu Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Sameiningin er í samræmi við reglugerð sem heilbrigðiseftirlitið samþykkti þann 16. júlí. Heilbrigðisstofnanir verða sam-

einaðar á fjórum svæðum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi undir heitunum Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Alls taka um 12 heilbrigðis-

stofnanir þátt í sameiningunni. Markmið heilbrigðisráðherra með þessari sameiningu er að styrkja heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. „Markmiðið með þessum aðgerðum er að auka og styrkja þjónustu við íbúana, nýta betur þekkingu fagfólks og skapa sterkari rekstrareiningar. Sameiningin

skapar sömuleiðis möguleika á því að auka nærþjónustu við íbúana, t.d. með reglubundnum komum sérfræðilækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna til hinna ýmsu starfsstöðva á viðkomandi svæðum“, segir í tilkynningu sem heilbrigðiseftirlitið gaf frá sér fyrr á árinu. – thelma@bb.is



Ísafjörður.

Enn fækkar fólki á Vestfjörðum

Alls fluttust 159 manns frá Vestfjörðum fyrstu þrjá mánuði ársins, en 131 fluttist til Vestfjarða. Flestir fluttust frá Vestfjörðum á höfuðborgarsvæðið, eða 79 manns, á móti 44 sem fluttust frá höfuðborgarsvæðinu og vestur. 26 manns fluttust frá Vestfjörðum til útlanda, en 50 manns fluttust frá útlöndum til Vestfjarða.

Þá fluttust 25 manns frá Vestfjörðum á Suðurnes, á móti 11 sem fluttust þaðan hingað. 13 manns fluttu frá Vestfjörðum til Norðurlands eystra, en 5 fluttu frá Norðurlandi eystra til Vestfjarða. 8 manns fluttust frá Vestfjörðum til Norðurlands vestra og jafn margir fluttu þaðan hingað. Tíu manns komu frá Vesturlandi.

Fimm fóru á Vesturland, 2 á Suðurland og 1 á Austurland. Tveir komu vestur frá Suðurlandi og 1 frá Austurlandi.

Á máli hagfræðinnar er mannvíðskiptajöfnuður því óhagstæður við höfuðborgarsvæðið um 35 manns, við Suðurnesin er hann óhagstæður um 14 manns, og við Norðurland eystra óhagstæður um

8 manns. Mannvíðskiptajöfnuður stendur á núlli við Norðurland Vestra, Suðurland og Austurland. Mannvíðskiptajöfnuður er jákvæður við Vesturland um fimm manns – en mestur er mannvíðskiptajöfnuður við útlönd, upp á 24 einstaklinga. Í það heila tekið er mannvíðskiptajöfnuður neikvæður um 27 einstaklinga.

Glæsileg helgartilboð

Gildir dagana 28. – 31. ágúst



NORÐLENSKA
Lambaframhryggjabitar
kjötborð

1.229 kr/kg
Verð áður 1.890 kr/kg



NORÐLENSKA
Nautahakk, ferskt
kjötborð

971 kr/kg
Verð áður 1.294 kr/kg



Kjúklingaleggir
Mexikókryddaðir
470 kr/kg
Verð áður 626 kr/kg



GODI
Naggar, sælkerabollur 450g
494 kr/pk.
Verð áður 659 kr/pk.

Samkaup úrval

Alureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egghósti
Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupstaður
Njarðvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagastönd